

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS
SKÝRSLA 14

HALLDÓR G. PÉTURSSON

DRÖG AÐ SKRIÐUANNÁL 1971 - 1990

BIRT SEM HANDRIT

AKUREYRI 1991

INNGANGUR

Handrit þetta er tilraun til að halda áfram starfi Ólafs Jónssonar á skráningu skriðufalla á Íslandi, en skráningu hans lauk með árinu 1970.

Síðan hefur enginn safnað kerfisbundið upplýsingum um skriðuföll. Eftir skriðuföllin í Ólafsfirði, 1988 og Seyðisfirði, 1989, hefur þeim sem vinna við að meta skriðuhættu verið ljós nauðsyn rannsókna á skriðuföllum og skráning þeirra. Það hefur orðið að samkomulagi milli Náttúrufræðistofnunar Norðurlands, annars vegar og Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs, hins vegar, að ég sjái um skráningu skriðufalla, haldi þeim til haga og komi þeim á skiljanlegt form fyrir aðra. Drög að skriðuannál er fyrsta tilraun til þess. Á næsta ári er fyrirhugað að hann verði gefinn út í fjöldituðu formi, með viðbótarupplýsingum sem væntanlega berast eftir að menn hafa eitthvað gluggað í handrit þetta.

Aðalheimild um skriðuföll og grjóthrun eru dagblöð, auk Veðráttunar, en þar er þeirra getið sem skaða af völdum veðurs. Eftir að ég fór að halda kerfisbundið saman þessum upplýsingum, bætast við upplýsingar úr Ríkisútvarkinu, en þær verða ekki alltaf að fréttum í blöðunum.

Við vinnu við annál þennan hefur verið leitað kerfisbundið í gegnum Morgunblaðið, árin 1971-1990. Við þá leit hef ég notið dyggrar aðstoðar Þóris Haraldssonar, menntaskólakennara. Eftir þeim upplýsingum sem fundust við þessa leit var leitað í öðrum heimildum. Öllum upplýsingum sem fundust er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Norðurlands. Það er svo úrdráttur úr þeim sem birtist hér.

Þessum upplýsingum hefði ekki verið hægt að safna ef ekki hefði notið velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri. Kann ég Amtsbókaverði, Lárusi Zophoníassyni og öðru starfsfólk Amtsbókasafnsins hinari bestu þakkir fyrir.

Í von um frekari upplýsingar og ábendingar lítur þetta handrit dagsins ljós.

Halldór G. Pétursson

Náttúrufræðistofnun Norðurlands
P.O.Box 580
602 Akureyri

(s. 96-22983)

SKRIÐUANNÁLL

1971

8. febr. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI, HVALFJÖRÐUR, KAMBA-NESSKRIÐUR.

Skriður.

Hlýindi og vatnavextir í byrjun mánaðarins, aðallega á sunnan- og vestanverðu landinu. Leysingar samfara hlýindum, vegaskemmdir, snjóflóð urðu í Skutilsfirði (Ísafjörður).

Gífurleg skriðuföll hafa orðið í Ólafsvíkurenni, líkt og stærðarstykki hafi fallið úr fjallinu. Aurskriður huldu gjörsamlega veginn undir Enni á kafla. Mesta skriðan féll hjá Gvendarbrunni, en þar hvarf vegurinn gjörsamlega. ...Í Búlandshöfða hafa orðið smávegis skriðuföll en hvergi nærri eins mikil og í Enni (Vísir 10.02.).

Þá féll smáskriða á veginn í Hvalfirði í gärmorgun. ...Þá féll einnig skriða úr svonefndum Kambanesskriðum og lokaði veginum milli Breiðalsvíkur og Stöðvarfjarðar (Mbl. 09.02.).

Heim.: Tím. 09.02. Mbl. 09.02. Vísir 10.02. Þvl. 10.02. Veðr. febr.

26.-27. ág. AUSTFIRÐIR.

Skriður.

Norðanáhlæup, snjóaði í fjöll á norðaustanverðu landinu, úrhellir á Austfjörðum. Skriður féllu á veginn á Austfjörðum.

Heim.: Veðr. ág.

ATH: Ekki hefur tekist að afla upplýsinga hvar á Austfjörðum þessar skriður féllu.

25. nóv. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Miklar rigningar á Suður- og Vesturlandi, vegaskemmdir og flóð, aurbleyta, undanfarandi hlýindakafli.

Tvær skriður féllu yfir veginn í þyrilshlíð um nóttnina eða morguninn. Vegurinn var orðinn fær milli kl. 10 og 11 (Tím 26.11.).

Heim.: Tím. 26.11. Mbl. 26.11. Veðr. nóv.

30.- 31. des. BÍLDUDALUR, DÝRAFJÖRÐUR, SNÆFELLSNES.

Grjóthrun, skriður.

Hlýindi og rigningar á vestanverðu landinu síðustu daga mánaðarins, leysingar, flóð og vegaskemmdir.

Bjarg (4. lesta) féll úr fjallinu ofan við Bíldudal úr um 700-800 m hæð um kl. 21.30 þ. 30.12. Skoppaði í loftkostum niður fjallið og á húsið Ás, braut upp útidyr og svefnherbergisdyr og endaði upp í rúmi húsráðenda. Fleiri björg hrundu úr fjallinu samtímis, ekkert eins stórt. Eitt þeirra stöðvaðist á túni skammt frá fjárhúsum.

Á Vestfjörðum urðu einnig talsverðar vegaskemmdir vegna vatnsflóða og skriðufalla. Skemmdirnar urðu einkum í Dýrafirði (Tím. 04.01.72).

Á Snæfellsnesi var mikið um úrrennsli og skiðuföll (Aþb. 03.01.72).

Heim.: Aþb. 03.01.72. Tím. 04.01.72. Vlsir 04.01.72. Pvl. 04.01.72. Mbl. 05.01.72.

1972

28.-29. jan. HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI, ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR.

Skriður.

Mikið vatnsveður og stormur gekk að sunnan yfir landið nótina 28.-29. jan. Hlíindi, leysingar, rigning, flóð, snjóflóð og vegaskemmdir.

Skriða féll í Pyrilshlíð í Hvalfirði, en vegurinn opnaðist aftur fyrir hádegi. Þá félru smákriður á vegina undir Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða á Snæfellsnesi. ...Miklar skriður félru í Óshlíð sömu nót og einnig milli Hnífsdals og Ísafjarðar (Eyrarfjall), en heldur minni að vöxtum (Tím. 30.01.).

Heim.: Tím. 30.01. Pvl. 30.01. Veðr. jan.

ATH. Það virðast hafa verið aurskriður en ekki snjóflóð í Óshlíð og milli Ísafjarðar og Hnífsdals.

22.-23. febr. KJÓS, HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Mikið hvass- og vatnsveður gekk yfir vestanvert landið 22.-23. febr. Mikil flóð og vegaskemmdir.

...um 10 skriður félru sunnantil í Meðalfelli og skemmdu tún, vegi og sumarbústaðalóðir. Skriða fór á fjós og hlöðu að Hurðarbaki, og flæddi vatn og aur inn (Veðr. febr.)

Í Hvalfirði urðu smávægileg skriðuföll í fyrrinótt, en vegurinn lokaðist ekki. (Tím. 24.02.)

Meðalfellsvatn: Yfir veginn austur með vatninu höfðu margar skriður fallið í fyrrinótt. Stærsta skriðan sem mest ummerki voru eftir, félru austur undir bænum Hjalla, og hafði þar opnast í miðri fjallshlíð, liðlega 100 m langt gil allt að 8 m djúpt, var mikið stórgrýti í skriðunni og mold. Skriðan félru um 200 m fyrir vestan bæinn Hjalla, en fyrir nokkrum árum félru skriða þarna á bæinn. Fórst barn á bænum í því skriðuhlaupi. ...innarlega í Hvalfirðinum voru vegagerðarmenn að lagfæra veginn þar sem skriða hafði fallið og vegurinn skorist í sundur (Mbl. 24.02.).

Heim.: Mbl. 24.02. Tím. 24.02. Veðr. febr.

24. maí. DYNJANDISVOGUR.

Grjóthrun.

Stór steinn (2-3 tonn) féll á veginn í Dynjandisvogi í miklu hvassviðri og rigningu.
Heim.: Mbl. 30.05.

? júní. FNJÓSKADALUR (Sólvangur).

Skriða.

Snemma í júní skemmdi aurskriða vatnsleiðslu hjá Sólvangi.
Heim.: Veðr. jún.

ATH. Sólvangur er veðurathugunarstöð í Fnjóskadal, nánar tiltekið í mynni Ljósavatnsskarðs. Skriðan hefur sennilega fallið 3. júní.

27-28. okt. ESKIFJÖRÐUR, HVALSNES- OG KAMBASKRIÐUR.

Skriður.

Mikill austan og norðaustan stormur eða rok, ísingarveður á norðvestanverðu landinu, milljóna tjón á rafmagns- og símalínnum (Mbl. 31.10.). Mikið úrfelli á Austurlandi, vatnavextir, skriðuföll og vegaskemmdir á Austfjörðum (Tím 31.10.) ...Mestar skriður munu þó hafa fallið á veginn suður í Hvalsnes- og Kambaskriðum á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdals. Þar félru aurskriður á veginn aðfaranótt laugardags, en þeim var rutt burt strax daginn eftir.

Eskifjörður: ...Tjónið nemur sjálfsagt nokkrum hundruðum þúsunda, og liggur nær eingöngu í vega- og gatnaskemmdum, en hús sluppu að mestu. Í innri hluta bæjarins liggur nýr vegur uppi í hlíðinni. Hann grófst í sundur á nokkrum stöðum, og skolaði vatnið efninu úr honum niður á annan veg og lokaði honum þar með. Víðar í bænum stífluðust svo ræsi og flæddi yfir vegi, en þó munu garðar bæjarbúa hafa sloppið frá skaða. Aurskriða félru á gamalt geymsluhús og olli nokkrum skemmdum, og vatn gróf frá ófrágengnu íbúðarhúsi. Ekki hefur frést af vatni í kjöllurum húsa, a.m.k. ekki svo að tjón hlytist af. (Tím. 31.10.).

Heim.: Mbl. 31.10. Tím. 31.10. Veðr. okt.

ATH: Kambaskriður sama og Kambaneskriður ?

29. okt. ÓSHLÍÐ (banaslys).

Skriður, grjóthrun.

Norðan og norðaustan stormur með mikilli úrkому og síðan miklu ísingarveðri á norðvestanverðu landinu. Síðan dró úr veðri, en viða var rigning við norðurströndina.

Margar skriður félru á veginn við Óshlíð þessa daga (Veðr. okt).

Um kl. 01, 29.10. var bíll á leið frá Hnífsdal til Ísafjarðar, en snéri við vegna þess að margar skriður höfðu fallið á veginn. Guðmundur Húnfjörð Ingólfsson ákvað að halda áfram til Ísafjarðar. Hann fannst látinna um morguninn af vegavinnuverkstjóra sem sendur var til að ryðja veginn. Guðmundur fannst ofan á skriðu sem fallið hafði úr gili milli Skarfaskers og Seljadals.

Heim.: Vísir 30.10. Tím. 31.10. Þvl. 31.10. Mbl. 31.10. Veðr. okt.

ATH: Flestar heimildir telja að Guðmundur hafi orðið fyrir grjótkasti úr snjó- og grjótskriðu (Vísir 30.10. Þvl. 31.10. Mbl. 31.10.), ein heimild telur að hann hafi orðið undir skriðunni (Tím. 31.10.).

Bæði virðast hafa fallið snjóflóð og grjótskriður í Óshlíð þessa daga og snjóflóðin hafi verið mjög grjótblönduð.

19. des. AKUREYRI (Aðalstræti, Grófargil og Búðargil?) SVALBARÐSTRÖND (Faxafall), EYJAFJARDARDALUR ? (Grænahlíð).

Skriður.

Enginn klaki var í jörð á Akureyri, mikil leysing, suðvestan hvassviðri og 10 stiga hiti (Tím. 20.12. Dagur 20.12.). Vísir 19.12. segir að mikið hafi rígt á Akureyri undanfarið.

Um kl. 24. féll skriða framan úr brekkunni norðan við Aðalstræti 28 (úr neðsta hluta brekkunar), yfir götuna og lokaði henni. Skriðan tók með sér fólksbíl sem stóð við götuna, bar hann yfir götuna þar sem hann stöðvaðist á húsi. Bíllinn skemmdir dist lítið eða ekkert. Aðalstrætið var lokað fram eftir degi og talsvert verk var að hreinsa leðjuna af götunni.

Hin skriðan féll um kl. 02 úr brún efsta stall eins við Kirkjuna og féll niður á hús efnaverksmiðjunnar Flóru. Braut þar two glugga og bar aur inn í húsið. Ekki urðu miklar skemmdir. Stórt stykki úr brekkubrúninni seig allmikið samhliða þessu. Skriðan tók með sér staur með ljóskastara og bar hann niður undir Flóruhúsið.

Hvorki var klaki eða grjót í skriðunum og ollu þær því ekki miklum skemmdum.

Mikil hláka hefur verið hér undanfarna daga og óhemju mikið leysingarvatn sigið niður í frostlausum jarðveginn (Vísir 19.12. 20.12. Tím 20.12.).

Eitthvað mun hafa losnað um jarðveg í bröttum brekkum annars staðar, svo sem ofarlega í Búðargili (Mbl. 20.12.).

Í kvöld fréttist svo af skriðufalli norðan við Garðsvík á Svalbarðsströnd og mun þjóðvegurinn þar vera ófær (Mbl. 20.12.). Aurskriða fél fyrir veginn utan við Faxafall, en vegagerðarmenn opnuðu veginn eftir skamman tíma (Dagur 22.12.).

Sennilega hefur skriða við Grænuhlíð í Eyjafjardardal fallið um sama leyti. Þessi skriða sem var lítil og fyrst og fremst jarðvegur, tók sig upp neðarlega í fjallshlíðinni rétt ofan við bæinn og fél niður á tún (Gögn H.G.P.).

Heim.: Vísir 19.12. 20.12. Tím. 20.12. Dagur 20.12. 22.12. Mbl. 20.12. Veðr. des. Gögn H.G.P.

1973

5-6. ág. BÁRÐARDALUR.

Skriður.

Óvenjulega mikil úrkoma var á Sandhaugum í Bárðardal, 5. og 6. ág. (99 og 34 mm.).

Eitthvað var um smáskriðuföll af völdum vatnselgsins, en ekkert tjón varð.

Heim.: Tím. 08.08.

15-16. sept. REYKJANES (Krísuvík, Grindavík).

Skriða, grjóthrun vegna jarðskjálfta.

Þ. 15. kl. 01.46 varð jarðskjálfti 5-7 km vestur af Kleifarvatni, 5.5 á Richter. Þ. 16. kl. 21.27 varð jarðskjálfti 7-10 km norðvestur af Grindavík, 5.5 á Richter (Veðr. sept.).

Þ. 15. hrundi grjót (björg) úr Núpshlíðarhálsi (þar sem upptök voru) einnig hrundi grjót á veginn við Kleifarvatn (Mbl. 16.09.).

Eitthvað hrundi úr Bjöllum við Ísólfsskála (Pvl. 16.09.).

Skriða hljóp úr Bjalla við Ísólfsskála (Mbl. 16.09.).

Þ. 16. hrundi grjót og björg á Ísólfsskálaveg, og stór björg úr Festarfjalli. Við Hraunssand sprakkr klettabelti fram á köflum (Tím. 18.09. Pvl. 18.09.).

Heim.: Pvl. 16.09. 18.09. Mbl. 16.09. 18.09. Vísir 17.09. Tím. 18.09.

7. okt. SIGLUFJÖRÐUR (við Strákagöng).

Skriður.

Miklar rigningar voru á Siglufirði 6.-7. og flæddi víða vatn í kjallara húsa. Snjóaði í fjöll.

Miklar vegaskemmdir urðu bæði vestan og austan megin við Strákagöng. Vegurinn grófst í sundur og stór aurskriða féll vestan megin. Austan megin féll grjót og aurskriða (Tím. 09.10.).

Heim.: Pvl. 09.10. Mbl. 09.10. Tím. 09.10. og 14.10.

1974

26. febr. HVALFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Lægð gekk yfir landið, olli vatnavöxtum og vegaskemmdum.

Í gärmorgun olli steinn sem oltið hafði niður á veginn í Hvalfirði (Hvalfjarðarbotni), vegfarendum nokkrum erfiðleikum, þar til einn vegfarandi tók sig til og velti steininum út af veginum (Mbl. 27.02.).

Heim.: Vísir 26.02. Mbl. 27.02. Tím. 27.02.

26. febr. AKUREYRI (Aðalstræti).

Skriða.

Vatnavextir, lækur hleypur.

Asahláku gerði á Akureyri vegna sunnanroks og hita, seinna tók að rigna. Mikil flóð urðu og rann víða inn í hús.

Naustalækurinn rann úr farvegi sínum og hljóp ofan svokallað Skammagil, skammt sunnan við kirkjugarðinn, og bar með sér óhemju magn af aur og leðju. Lækurinn og framburður hans fóru inn á lóðirnar nr. 64 og 66 við Aðalstræti og þær eru þaktar djúpu leðjulagi. Vatn rann inn í húsið nr. 66 og olli þar gífurlegu tjóni (Mbl. 28.02.).

Heim.: Vísir 26.02. Tím. 27.02. Dagur 27.02. Mbl. 28.02. Íslend. 28.02. Veðr. febr.

ATH: Skv. vettvangskönnun virðist rétt að flokka þetta sem skriðu.

? mars. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Lægðir gengu yfir landið í byrjun mán. Hvassviðri þ. 4. olli spjöllum. Vegaskemmdir urðu víða næstu daga á Vesturlandi og Suðurlandi vestanverðu vegna vatnavaxta.

Vegurinn milli Hellissands og Ólafsvíkur lokaðist vegna grjóthruns.

Heim.: Veðr. mars.

ATH: Grjóthrunið hefur sennilega orðið 4.-5. mars. en þá urðu vegaspjöll á Snæfellsnesi.

12. júní. BORGARFJÖRÐUR (Brattabrekka, Norðurárdalur, Síðufjall), HNAPPADALSSÝSLA (Kolbeinsstaðafjall, Fagraskógarfjall, Hítardalur).

Skriður og grjóthrun við jarðskjálfta.

Þ. 12. urðu tveir stórir jarðskjálftar í Borgarfirði (4.5 og um 6 á Richter).

Þegar jarðskjálftinn varð höfðu rigningar gengið yfir og blautt var víða.

Skriða fíll á veginn um Bröttubrekku (við seinni og stærri skjálftann). Við Hvassafell í Norðurárdal hrundi grjót úr fjallinu (Tím. 13.06.).

Skriðan sem fíll á veginn um Bröttubrekku var um 60 m breið (Elías Jónsson umdæmisstjóri VR Borgarnesi). ..."Þarna var gróin hlíð, og skriðan hefur byrjað alveg upp við fjallsbrún, steypst niður í Miðdalsgil og kastast um tuttugu metra upp í hlíðina hinum megin. Vafalaust hefur vatnsagi átt talsverðan þátt í þessu skriðufalli" (Tím. 14.06.).

Skriður hlupu á mörgum stöðum úr Síðufjalli (upptakasvæði) (Mbl. 13.06.)

Lýsingar á ummerkjum jarðskjálftans á upptakasvæði, Síðufjalli (Kjarrárdalur):

MUDSLIDES: When the large earthquake occurred on June 12 the soil in the epicentral area was soaked by a recent rainstorm resulting in a large number of mudslides. In the area where the mudslides were most common, the soil consists of glacial drift and ground moraines with scattered vegetation. Most of the slides started off on gentle slopes, sometimes as small as 5°, leaving a horseshoe shaped scar at the top. The material in the mudslides appears to have been very liquid when it flowed, but at the time of observation 4 weeks later it was extremely hard. The mudslides clearly were initiated by liquefaction of the soil during the earthquake.

The most spectacular mudslides were found on the north side of the Kjarrá valley. Here many horseshoe shaped scars overlapped to form one continuous landslide more than 1/2 km wide. The slides started off an approximately 6° slope, then flowed down the steep mountainside and ended in the Kjarrá river down in the valley.

ROCKFALLS: Nearly vertical cliffs are common in the epicentral area. ...In numerous places rocks and large blocks fell from these cliffs as a result of the earthquakes. The rockfalls were most abundant in the epicentral area around the fault breaks. ...In the eastern part of the Kjarrá valley a rock hill partially collapsed (Páll Einarsson, Fred W. Klein & Sveinbjörn Björnsson, 1977).

Við skjálftann varð mikið hrún í Fagraskógarfjalli (Grettisbæli) og Kolbeinsstaðafjalli. Það sáust rykmekkir til fjalla. Hrun varð inn eftir Hítardal

(Happadalssýsla) (Munnlegar upplýsingar frá Eiríki Vigni Kristvinssyni, Akureyri, gögn H.G.P.).

Heim.: Mbl. 13.06. 14.06. Tím. 13.06. 14.06. Páll Einarsson, Fred W. Klein & Sveinbjörn Björnsson 1977: The Borgarfjörður earthquakes of 1974 in West Iceland. Bull. Seismolog. Soc. Am. 67, pp. 187-208. Gögn H.G.P.

23. júní. HJALTADALUR (Hólabyrða).

Skriða.

Sólskin og steikjandi hiti, sennileg mikil leysing í fjöllum.

Á þjóðhátið Skagfirðinga var afhjúpaður minnisvarði um Guðmund góða. Þá féll skriða í Hólabyrðu. Töldu sumir þetta jarðteikn.

Heim.: Mbl. 25.06.

25. ág. SEYÐISFJÖRÐUR (Strandatindur), MJÓIFJÖRÐUR, HÓLMATINDUR (Hólmaháls), VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, FÖLNES-SKRIÐUR.

Skriður.

Lægð var fyrir suðaustan land þ. 24. og fór vaxandi. Hvassviðri breiddist út um allt land. Var víða stormur þ. 25., sums staðar slydda og snjókoma og mikið vatnsveður austan og norðanlands. Vatnavextir og vegaskemmdir.

...Í Mjóafirði urðu mikil skriðuföll (Vísir 26.08.).

...Miklar skriður félru á Hólmahálsi, á móti Eskifirði (Hólmatindur), líklega á um 100 m kafla. Fáskrúðsfjarðarmegin gekk mikið á í Vattarnesskriðum, þar félru miklar skriður og skörð komu í veginn, svo hann lokaðist gjörsamlega. Þá félru skriður á veginn utan við Búðareyri. Einnig skemmdist vegurinn í Kambanesskriðum og Fölnesskriðum. Á Berufjarðarströnd við Fossgerði hvarf vegarspotti (skriða ?). Á Héraði lokaðist vegurinn efst í Fagradal um tíma (skriða ?) (Tím. 27.08.).

Geysilegar vegaskemmdir urðu á Suðurfjarðarvegi, mestar í Vattarnesskriðum þar sem vegurinn hvarf bökstaflega alveg á köflum og víða komu stórir haugar á hann af aur (Mbl. 28.08.).

Seyðisfjörður: Margar skriður hlupu úr Strandatindi aðfaranótt sunnudags í rigningunni miklu, sem dundi þá yfir. Úrkoma var feikileg og ofan við Múla hljóp Búðará og eyðilagði fjárhús, sem var í byggingu. Vatn og aur hljóp yfir stórt svæði og eyðilagði m.a. nýlagfærða lóð í kringum hús Pósts og Síma. Grjótskriða fél yfir Framhústún og trjágarður, sem var við húsið Múla, skemmdist mjög mikið og allar girðingar á stóru svæði þarna eyðilögðust. Grjót- og aurskriður eru alveg niður í sjó. Stærsta skriðan fél yfir Söltunarstöðina Strönd á sama stað og 5 manns fórust 1950, en engar skemmdir urðu nú á mannvirkjum (Mbl. 27.08.).

...Snemma á sunnudagsmorgun fél yfir Búðareyrina, eftir Búðará, þar sem hún rennur milli húsanna nr. 8 og 10 við Hafnargötu. Bar skriðan mikinn aur og stórgrýti með sér og stíflaði lækinn, svo að vegurinn varð ófær. Myndaðist mikið vatn við þetta og flæddi upp að nýju símstöðinni. ...Það var talsvert verk að ryðja svo að Búðaráin felli aftur leið sína til sjávar. Þá fél stór skriða við svokallaða Strönd. Lokaði hún veginum (Tím. 27.08.).

Miklar skriður hlupu úr Strandatindi við Seyðisfjörð og ullu þær nokkrum skemmdum (Veðr. ág.).

Norðfjörður: Fjallið var orðið einn allsherjar lækur og sumir frægustu lækirnir orðnir kolsvartir. Mátti varla tæpara standa og ugglauð farið illa ef rigningin hefði staðið einhverjum klukkutínum lengur (Mbl. 27.08.).

Heim.: Visir 26.08. Tím. 27.08. Mbl. 27.08. 28.08. Veðr. ág.

ATH: Ekki er ljóst hvort það voru skriður eða vatnavextir sem spilltu vegum á Berufjarðarströnd og Fagradal.

13. sept. KAMBAНЕSSKRIÐUR.

Skriður.

Mikil úrhellisrigning gekk yfir Austfirði.

Suðurfjarðarvegur lokaðist í Kambanesskriðum. "Hvað Kambanesveginn snertir þá er hann svo mjór, að ekki þarf nema smáaurkriðu til að hann teppist".

Heim.: Tím. 14.09.

23. okt. NORÐURÁRDALUR, KJÓS, HVERAGERÐI, EYJAFJÖLL, MÝR-DALUR.

Skriður.

Þ. 23. varð sunnan stormur og rok sunnanlands, og mikið vatnsveður á Suður- og Suðvesturlandi. Vatnavextir og vegaskemmdir.

...Umferðin í gær lá um Norðurárdalsveg sem er sunnanvert í Norðurárdalnum. Hann var illfær seint í gärmorgun vegna skriðufalla og grjóthrums (Mbl 24.10.). Þessi hliðarvegur var reyndar ekki nema jeppafær í gärmorgun, þar sem á hann höfðu runnið aðfaranótt miðvikudagsins aurskriður og stórgreyti (Tím. 24.10.).

...Óhemju vatnsveður var í Kjósinni innanverðri, sem olli aurskriðu á Möðruvöllum og lenti hún á fjóshlöðunni þar á bænum, en rann svo báðum megin við hana og niður undir íbúðarhúsið. Á Eyjadal félld skriða og stíflaði Sandsá. Er hún ruddist fram flæddi hún yfir tún Eyjabæjanna og Hjalla og fyllti þar framræsiskurði með aur. Úr Meðalfelli félldu skriður á veginn, en þó ekki miklar (Mbl. 26.10.)

Hveragerði, Varmá: Skriðufall varð svo í gilbarminum austan megin, beint niður undan Garðyrkjuskóla ríkisins. Hefur þar fallið niður töluvert jarðvegsmagn. Varmá er eins og foraðsvatnsfall núna, þótt hún sé venjulega aðeins sáralítil spræna (Tím. 24.10.).

...Jón Hjálmarsson skólastjóri að Skógum: "Feiknarlegt úrkomuveður gekk hérna með Fjöllunum og í Mýrdal í fyrrinótt, aðfaranótt miðvikudags, svo að sjaldan hefur verið annað eins. Skriðuföll urðu mörg úr fjöllum, og skemmdir á landi talsverðar. Skriða félld til dæmis uppi í landi skógræktarinnar fyrir ofan Héraðskólann í Skógum og eyðilagði allmikið af trjám, nokkurra ára gömlum og vænum." Kvað Jón skriðuföllin aðallega hafa orðið í austanverðum Eyjafjöllum. Par ber helst að nefna skriðuföll í landi Skarðshlíðar, Hrútafells og svo Skóga. Upp undir tíu slíkar smáskriður félldu úr fjöllum (Tím. 25.10.).

...Sigþór Sigurðsson, Litla Hvammi við Vík: Taldi hann úrkomumagnið eitt hið mesta sem þar hefði dunið yfir í mörg ár. Á nokkrum stöðum urðu skemmdir er skriður félldu úr fjallshlíðum og komu skörð í vegi. Mestar urðu skemmdirnar við Skammadal í Mýrdal og þar í kring. Margar skriður félldu yfir gömul tún, rifu með sér girðingar og báru stórgreyti yfir túnin. Ein skriðan félld alveg upp að fjósinu og um tíma var íbúðarhúsið í Skammadal umflotrið vatni. Einnig félld allmikil skriða yfir tún á bænum Giljum. Fóru sumar yfir þjóðveginn svo að ófært varð fyrir

fólksbíla um tíma. Skarð kom í veginn við Steinflöt og lokaði þar öllu en í gær var þar unnið að viðgerð (Mbl. 24.10.).

Heim.: Vísir 24.10. Mbl. 24.10. og 26.10. Tím. 24.10. og 25.10. Veðr. okt.

1975

11. mars. HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Grjóthrun.

Þ. 11. hvessti allvíða með rigningu og gerði rok og ofsaveður á Vestfjörðum og Norðurlandi.

...Suðaustan hvassviðri með mikilli úrkому var í Hvalfirði í gær, og þjóðvegurinn talinn hættulegur vegna grjóthruns. ...Verst var veðrið í Hvalfirði í Botnsvogi og Brynjudalsvogi og út með Þyrilshlíðinni. Grjótfok var mjög mikið og fólk varað við að fara þar að nauðsynjalausu.

...Á Snæfellsnesi undir Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni var nokkur umferð í gærðag, en ekki var vitað um nein slys, hvorki á fólk né bifreiðum. Mjög hvast var þar og úrkoma mikil, en við það losnaði klakinn og grjóthrun var mikið úr fjallinu.

Heim.: Tím. 12.03.

22. júlí. ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Grjóthrun.

Mikið úrfelli hefur verið í Ólafsfirði sl. sólarhring (22.07.).

Svo rammt kvað að þessu að í gærkvöldi átti fólk í nokkrum erfiðleikum með að komast fyrir Ólafsfjarðarmúla vegna grjóthruns.

Heim.: Mbl. 24.07.

2. ág. ÓLAFSVÍKURENNI.

Skriða.

Vestan eða norðvestanátt um allt land og víða úrkoma.

Á laugardagsmorgun milli kl. 5 og 6 hrundi stór skriða úr stálinu ofan vegarins í Ólafsvíkurenni. Í skriðunni voru stór björg margar smálestir að þyngd. Vegurinn um Enni lokaðist frá því skriðan féll til kl. 12 á laugardag og var hálflokaður fram til kl. 5 um daginn meðan verið var að hreinsa veginn að fullu. ...Mikil umferð mun hafa verið undir Enninu aðfaranótt laugardags alveg fram undir þann tíma að skriðan féll. ...Vegamálastjóri sagði að það væri liðlega áratugur síðan vegurinn um Ólafsvíkurenni hefði verið lagður og að þeir hjá vegagerðinni hefðu ekki tölu á öllum þeim grjótskriðum sem þar væru búnar að falla. Það væri ákaflega erfitt tæknilega séð að gera nokkrar ráðstafanir til að fyrirbyggja grjóthrunið vegna þess að ofan á bergeninu, þar sem vegurinn væri sprengdur í gegnum, væru skriður nokkur hundruð metra upp í fjallið. Þessar skriður væru alltaf meira og minna á hreyfingu fram, sérstaklega í rigningum (Pvl. 06.08.).

...Jónas Gestsson, fréttaritari Tímans sagði, að talið væri að nú væru í fjallinu laus björg sem gætu hrunið þá og þegar, og benti hann á þá augljósu hættu, sem því væri samfara. "Í sumar hefur oft hrunið úr fjallinu og manni fyndist eðlilegt að

einhver aðili t.d. lögreglan, sæi um það, að loka veginum þegar mesta hættan væri yfirvofandi, en veginum er aldrei lokað" (Tím. 06.08.).

Heim.: Tím. 06.08. Þvl. 06.08. Vísir 06.08. Veðr. ág.

14. sept. BARÐASTRÖND (Hvammshlíð), PATREKSFJÖRUR (Örlygs-hafnarvegur).

Skriður.

Mikið úrfelli var á Vestfjörðum og víða á Vesturlandi í fyrradag og af þeim sökum skemmdust vegir á allmögum stöðum vegna skriðufalla (Mbl. 16.09.).

...Skemmdir urðu mestar á sunnanverðum Vestfjörðum. ...Víða í Barðastrandarsýslu félle aurskriður og ullu skemmdum, einkum í Hvammshlíð. Þar lokaðist vegurinn algerlega. ...og að skriður hefðu fallið á Örlygshafnarveg fyrir utan Kvígindisdal og vitað væri um skemmdir á Hofsárhálsi, en ekki hve miklar (Mbl. 16.09.).

Örlygshafnarvegur: Í svokölluðum "Skriðum" utanvert við Kvígindisdal hljóp fram stór skriða, eða um 100 m breið, en vegurinn út með Patreksfirði liggur þar um, og líka símalínan til útsveitarinnar. Skriðan tók veginn af, einnig símastaura og símalínu. Fólk var nýsloppið um veginn, þegar skriðan féll, og annað kom að henni þegar hún var að stöðvast, svo að litlu mátti muna (Mbl. 24.09.).

Heim.: Vísir 15.09. Mbl. 16.09. 24.09. Veðr. sept.

7.-8. nóv. KVÍÁRJÖKULL, SKAFTAFELL, SVÍNAFELL.

Skriður.

Var sunnan og suðvestan strekkingur þ. 7. og 8., víða skúraveður og mikil rigning suðaustanlands. Stórfelldar vegaskemmdir á Skeiðarársandi og í grennd við Kvíá. Talsvert var um skriðuföll úr kömbunum við Kvíárjökul og í Skaftafelli og Svínafelli.

Heim. Veðr. nóv.

13. des. PATREKSFJÖRÐUR (Raknadalshlíð), (banaslys).

Grjóthrun.

Aðfaranótt þ. 13. hlýnaði mikið og var víða rok og rigning.

Pálmi Magnússon beið bana er vörubifreið hans fór út af veginum skammt innan við svonefnt Sel á Raknadalshlíð. Féll bifreiðin 50-60 m niður í fjöru. Sonur hans Helgi Páll, stökk út úr bifreiðinni þegar hún var komin út af vegarbrúninni. Hann telur að orsök slyssins sé að steinkast úr fjallinu hafi lent á bílnum, en mikið vatnsveður var um daginn og töluvert um grjóthrun á veginum.

Heim.: Vísir 15.12. Dbl. 15.12. Tím. 16.12. Þvl. 16.12. Mbl. 16.12. Veðr. des.

26. des. AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Vatnsdalur).

Skriður.

Þ. 25. fór úrkomusvæði norðaustur yfir landið og 26. síðdegis var komin vestlæg átt með rigningu um allt land. Leysing og vatnavextir.

...Í úrfellinu mikla á öðrum degi jóla urðu skriðuföll í löndum Saurbæjar, Forsæladals og Sunnuhlíðar í Vatnsdal. Ekki varð verulegt tjón á mannvirkjum,

en í Sunnuhlíð hljóp skriða yfir túnspildu og munaði minnstu að hún færí á fjárhús og hlöðu. Flóð í Vatnsdal varð mjög mikið, og telja menn sig varla hafa séð ána standa jafn hátt (Húnavaka 16).

Heim.: Húnavaka 16. Mbl. 28.12. Tím. 30.12.

1976

20. febr. HVALFJÖRÐUR, NJARÐVÍKURSKRIÐUR.

Skriður.

Mikið vatnsveður og hvassviðri geysaði um allt land í gær og rann vatn víða yfir vegi.

Seinni hluta dags í gær voru skriðuföll í Hvalfirði, innst í Múlafjallinu, inn undir botni fjarðarins.

Nokkuð spilltist vegurinn í Njarðvíkurskriðum. Suðurfjarðarvegur í Reyðarfirði er aðeins jeppafær (Tím. 21.02.).

Heim.: Tím. 21.02. Veðr.febr.

4. ág. ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR.

Skriður.

Mikið þrumuveður gekk yfir vestanvert landið í fyrrinótt (4. ág.). Mikil rigning fylgdi veðrinu og féllu skriður sums staðar t.d. lokuðu tvær skriður veginum milli Hnífsdals og Ísafjarðar (Eyrarfjall). ...Tvær 20-25 m breiðar aurskriður féllu á Hnífsdalsveg og varð hann ófær fram eftir degi í gær og enn fremur féll skriða á Óshlíðarveg, og lokaði honum part úr degi (Mbl. 05.08.).

Tvær aurskriður féllu á veginn milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Skriðurnar voru allt að 2 m þykkar og 15 til 20 m á breidd, hvor um sig. ...Skriðurnar tvær féllu alveg ofan í sjó og lokuðu veginum. ...Í skriðunni var aðallega aur, en lítið grjót (Vísir 05.08.).

Heim.: Mbl. 05.08. Vísir 05.08. Veðr. ág.

27. ág. ÓLAFSVÍKURENNI, KOLGRAFARFJÖRÐUR, AUSTUR BARÐA-STRANDARSÝSLA (Klettháls).

Grjóthrun, skriður.

Mikið stórviðri gekk yfir Breiðafjarðarsvæðið og fylgdi því gífurleg úrkoma. Vatnavextir og vegaskemmdir.

...Loks varð svo mikið grjóthrun úr Ólafsvíkurenni niður á veginn að hann var ekki farinn í gær nema brýna nauðsyn bæri til (Dbl. 28.08.).

Í Kolgrafarfirði fór aurskriða yfir veginn (Tím. 29.08.).

...Allmargir bílar teptust í sunnanverðum Kletthálsi, sem er milli Kollafjarðar og Skammadals á Vestfjarðaleið í Austur-Barðastrandarsýslu. Er þetta skammt vestan Bjarkarlundar og rétt við sýslumörkin. Á veginn féll aurskriða, allþykk eða um 2,5 m. Skriðan var ekki mjög breið (Mbl. 28.08.).

Heim.: Dbl. 28.08. Mbl. 28.08. Tím. 29.08. Veðr. ág.

? . ág. GERPIR.

Skriða.

...Sveinn Guðmundsson, Neskaupsstað sagði: Jarðfyllan sem sprungið hefur úr láglendinu og borist út í sjó, er í svokallaði Gerpisafrétt, rétt hjá austasta tanganum. Þetta er stór grastorfa, um 250 m breið og 100 m djúp og skiftir framburðurinn hundruðum metra út í sjóinn. Erfitt er nú að tímasetja fyrirbærið, en í ágúst sl. heyrðu menn á færabátum mikinn hávaða úr Gerpinum. Fengu þeir ekkert greint fyrir þoku (Tím. 21.10.).

Heim.: Tím. 21.10.

ATH: Nauðsynlegt er að kanna þetta frekar, en á meðan virðist rétt að flokka þetta sem skriðu.

Nóv. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRÐ (Almenningsnöf).

Jarðskrið.

Mikið jarðsig hefur orðið á veginum til Siglufjarðar við Almenningsnöf að undanförnu. Telja vegagerðarmenn að vatn grafi undan veginum þarna og svæðinu og vilja vara ökumenn við, sem þarna fara um. Hefur jörð áður sigið á þessum stað, en ekki eins mikið og nú og segja má að allt svæðið sé á hreyfingu (Mbl. 18.11.).

Heim.: Mbl. 18.11.

19. nót. ÓSHLÍÐ, PATREKSFJÖRÐUR (Raknadalshlíð), BÍLDUDALUR, TÁLKNAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR.

Skriður, grjóthrun.

Mikið vatnsveður gekk yfir vestanvert landið. Vatnavextir, skriðuföll, vegaskemmdir.

...Grjóthrun var talsvert í Patreksfirði við svokallaða Raknadalshlíð og minni háttar aurskriður féllu á veginn. Þá féllu miklar aurskriður í Óshlíð og komu töluverð skörð í veginn (Tím. 20.11.).

Sumir vegir á Vestfjöllum lokaðust alveg vegna skriðufalla. ...Vegirnir sem lokaðust voru í Tálknafirði, milli Bíldudals og Ketildals, í Bjarnardal í Önundarfirði og loks Óshlíðarvegur, milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Hlupu skriður yfir veginn á mörgum stöðum (Mbl. 20.11.).

Bíldudalur: Tvær aurskriður féllu á Bíldudal (Veðr. nót.). Aurskriðan sem féll hér í roki og rigningu sl. föstudagskvöld stórkemmdi tvær lóðir húsa í bænum, en þegar skriðan kom niður fjallshlíðina rann hún fyrst yfir lóð Dalbrautar 18, síðan yfir götuna og á lóð hússins handan við götuna, Dalbrautar 17. Tjónið af völdum skriðunnar nemur hundruðum þúsunda króna. Búið er að hreinsa helming aurleðjunar, eða tæplega 100 bílhöss og annað eins eftir (Mbl. 23.11.).

...Féll fyrri skriðan á milli tveggja húsa, en sú síðari, sem var öllu stærri, fór yfir fallegan blómagarð, ruddi sér síðan leið yfir aðrar lóðir og niður aðalgötuna. Varð sú gata ófær, og var vatnsflaumurinn svo mikill, að kalla þurfti út tug manna til þess að veita vatni frá húsunum. Augljóst er, að varnargarðurinn hefur tekið meginhlutann af skriðunum og fleytt þeim meðfram fjallsrótum. Þessi garður var hlaðinn fyrir fjórum til fimm árum, en þá féll skriða aðeins framar í hlíðinni. Í þetta skifti kom í hann eitt skarð, enda var þarna á ferðinni margt stórgrytið. Annars hefur hraði skriðunnar ekki verið mjög mikill, þar sem engar skemmdir

urðu á húsunum og engar rúður brotnuðu. Tjón er hins vegar ómetanlegt á görðum og á girðingum, og hefði varnargarðurinn mátt vera öflugri (Tím. 23.11.). Þessar skriður virðast hafa komið úr ysta milligilinu, þ.e. gilinu næst innan við Búðargil (Björn Jóhann Björnsson 1990).

Heim.: Mbl. 20.11. 23.11. Tím. 20.11. 23.11. Veðr. nót. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur. Skriðuföll og skriðuvarnir.

1977

3. jan. KAMBANESSKRIÐUR, VATTARNESKRIÐUR.

Grjóthrun.

Þ. 3. var stormur sunnanlands og mikil rigning. Leysingar, flóð og vegaskemmdir. Á Suðurfjarðarvegi varð mikið grjóthrun í gær í Vattarnes- og Kambanesskriðum. Tókst að opna veginn af og til, en ekki var tryggt að starfa þar vegna grjóthrunsins, og óvist hvort tekst að gera veginn færان í bráð (Tím. 04.01.). ...Þar hafði orðið nokkurt grjóthrun í Kambanesskriðum og Vattarnesskriðum. Var það svo mikið að vegagerðarmenn, sem voru að laga veginn þar, þurftu að hætta við verk sitt og forða sér undan hnallungunum (Dbl. 04.01.).

Heim.: Tím 04.01. 05.01. Dbl. 04.01. Vísir 04.01.

7. mars. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Gríðarlegt úrfelli mun hafa verið á norðanverðu og utanverðu Snæfellsnesi. Vegaskemmdir.

Grjóthrun var í Ólafsvíkurenni og lokaði veginum á mánudag (Tím. 09.03.).

Heim.: Tím. 09.03.

16. maí. REYKJANES.

Grjóthrun vegna jarðskjálfta.

Þ. 16. varð jarðskjálftahrina með upptök við Reykjanes. Stærsti skjálftinn var 4.9 á Richter.

Björn Kári Björnsson vitavörður á Reykjanesi: Hins vegar kvaðst hann hafa spurnir af því að grjót hefði hrunið ofan á veginn (Mbl. 17.05.).

Heim.: Mbl. 17.05.

ATH: Fréttir af þessu eru mjög óljósar.

17. maí. ÓLAFSVÍKURENNI, MIKLAHOLTSHREPPUR (Hjarðarfell).

Grjóthrun, skriður.

Geysilegt vatnsveður var á Suðurlandi og Vesturlandi og urðu flóð og vegaskemmdir.

Þá hrundi mikið af grjóti niður á veginn fyrir Ólafsvíkurenni, en það var hreinsað burt í gær (Mbl. 19. 05.).

Skriðuhlaup urðu á Hjarðarfelli og möl barst á tún. Víða þar í sveit urðu skaðar af skriðuhlaupum (Veðr. maí).

Heim.: Tím. 18.05. Mbl. 19.05. Veðr. maí.

ATH: Hjarðarfell er veðurathugunarstöð í Miklaholtshreppi á sunnanverðu Sæfellsnesi.

23. maí. ÓLAFSFJARÐARMÚLI, REYKJASTRÖND (Fagranes).

Grjóthrun, skriða.

Mikil hlýindi og leysingar, flóð og vegaskemmdir norðanlands.

Þá mun hafa verið mikið hrún í fjallshlíðum við vegi td. í Ólafsfjarðarmúla, en þeim vegi hefur þó tekist að halda opnum að mestu (Tím. 24.05.).

Þá rann aurskriða yfir veginn við bæinn Fagranes á Reykjaströnd í Skagafirði (Vísir 25.05.).

Heim.: Tím. 24.05. Vísir 25.05.

24-25. maí. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRÐ.

Jarðskrið.

Jarðsig hefur orðið síðustu tvo daga á veginum um Almenninga og eru komnar tvær sprungur í veginn. Sprungurnar skapa hættu fyrir bifreiðar (Mbl. 27.05.).

Heim.: Mbl. 27.05.

2-3. júlí. NJARÐVÍKURSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, STAÐARSKRIÐUR, VATTARNESKRIÐUR, HVALSNEŠKRIÐUR, BERUFJÖRÐUR.

Skriður.

Gífurlegt vatnsveður var á Austurlandi þ. 2. til 3. Vatnsflóð og vegarskemmdir.

...Í Vattarnesskriðum komu aurskriður og einnig í Hvalsnes- og Kambanesskriðum. ...Í Borgarfirði eystra skemmdist vegurinn í Njarðvíkurskriðum, en þar komu aurskriður á veginn, og einnig rann úr sjálfum veginum þannig að gjár mynduðust í hann (Tím. 05.07.).

...Skriða féll í Berufirði við Búlandsá og einnig í Kambaskriðum og Staðarskriðum, en gert hefur verið við þær skemmdir (Dbl. 04.07.)

Heim.: Vísir 04.07. Dbl. 04.07. Tím. 05.07.

ATH: Kambaskriður og Kambanesskriður það sama ?

27-28. ág. ÓSHLÍÐ, ÍSAFJÖRÐUR, TROSTANSFJÖRÐUR, PATREKS-FJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 27. og 28. var stormur allvíða um land. Regnsvæði fóru norðaustur yfir landið, og var mikil úrkoma víða um land. Fokskemmdir, flóð, vegaskemmdir og skriður.

...38 aurskriður féllu úr Eyrarhlíð (Ísafjörður.). Fjórar féllu á Hnífsdalsveg og lokuðu honum alveg, og tvær skriður skemmdu Seljalandsveg. Einnig féllu skriður í Arnarfirði og Patreksfirði. Í Trostansfirði lokuðust bílar inni milli skriðna (Veðr. ág.).

...Mikil skriðuföll urðu við Ísafjarðardjúp á laugardaginn er þar gerði úrhellisrigningu. Á Hnífsdalsveg féllu sjö meiriháttar skriður og stöðvaðist ein

þeirra á húsi sem stendur við veginn. Einn maður býr í húsinu, en hann var ekki heima þegar skriðan fíll. Árfarvegur er við hlið hússins og fyltti grjótskriðan hann og dró þá nokkuð úr þunganum sem á húsinu lenti. ...Allar skriðurnar fíllu á um tveggja km kafla og eru þetta með meiriháttar skriðuföllum sem þarna hafa komið (Eiríkur Bjarnason umdæmisstjóri VR) (Vísir 29.08.).

...Á Ísafirði og Hnífsdal munu hvað mestar skemmdir hafa orðið vegna skriðufalla. Átta skriður fíllu á Hnífsdalsveg milli Ísafjarðar og Hnífsdals. Fíll ein þeirra á ysta húsið við götuna og skemmdi það töluvert mikið. ...Þá fíllu mjög margar skriður úr fjöllum í kringum Ísafjörð án þess þó að valda teljandi skemmdum. ...þá fíllu skriður á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Vegirnir í Patreksfirði og Arnarfirði lokuðust um stundarsakir (Mbl. 30.08.).

...fíllu 38 aurskriður úr Eyrarhlíð, sem nær frá Seljalandi út í Hnífsdal. Skriðurnar byrjuðu að falla um 7 leytíð og stóð þetta fram yfir miðnætti. Fjórar skriður fíllu á Hnífsdalsveg og lokuðu þær alveg veginum. Sumar voru einn til einn og hálfur metri á þykkt. Umferð teptist á laugardag og fyrrihluta sunnudags og voru bílar lokaðir milli skriða. Við Seljalandsveg runnu tvær skriður niður á veginn og skemmdu hann á köflum. Í Kirkjubólshlíð hinum megin Skutilsfjarðar fíllu margar skriður og fóru sumar yfir veginn og í sjó fram. ...Á Engi innan við Ísafjörð fór skriða beggja megin við húsið. Skriða skall á hús við Hnífsdalsveg og er mikill aur á bak við það. ...Skriður fíllu bæði í Arnarfirði og á Patreksfirði. Í Trostansfirði lokuðust bílar inni á milli skriða og urðu að dúsa þar þangað til vegir voru opnaðir á sunnudag (Tím. 30.08.).

...Hinn malbikaði vegur milli Ísafjarðar og Hnífsdals lokaðist gjörsamlega. ...Ein skriðan fíll á hús við Hnífsdalsveg og urðu miklar skemmdir á því. Þá lokaðist enn fremur Bolungarvíkurvegurinn í Oshlíð og Raknadalshlíðin í Patreksfirði. Í Trostansfirði við Arnarfjörð fíllu margar aurskriður og lokuðust bílar á milli þeirra (Pvl. 30.08.).

Heim.: Vísir 29.08. Mbl. 30.08. Tím. 30.08. Pvl. 30.08. Veðr. ág.

ATH: Sennilega hafa fallið skriður víðar á Vestfjörðum, þótt þess sé ekki getið.

5. des. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Grjóthrun.

Mikið hvassviðri gekk yfir Snæfellsnes og fylgdi rigning rokinu. Hrun varð á veginn við Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni. Vegurinn um Búlandshöfða varð ófær stórum bílum en litlir fólksbílar komust leiðar sinnar með því að smeygja sér inn á milli stórgrytisins, sem fallið hafði á veginn (Tím. 06.12.).

Heim.: Tím. 06.12. Veðr. des.

19. des. VESTMANNAEYJAR (Heimaklettur).

Grjóthrun.

10 til 15 þúsund tonn af móbergi hrundu úr Heimakletti í gærmorgun úr tæplega 100 m hæð og í sjó niður við innsiglinguna í Vestmannaeyjahöfn. Mikil flóðbylgja myndaðist og ruddist hún yfir hafnargarðana og inn í höfnina. Hafnargarðarnir drógu mikið úr fljóðbylgjunni og þegar bylgjan kom innst í höfnina var hún um metri á hæð. Miklir skruðningar fylgdu hrúninu og þegar bjargstykkir skullu í sjóinn stigu sjógusur í allt að 70 m hæð, eða nærrí því upp í Klettinn þar sem hrunið varð. Hrunið varð austan við Dönskutó á svæði sem er nærrí 100 m breitt og tugir m á lengd og náði upp í gróðurinn í Klettinum. Mikill loftþrýstingur skall

á bænum við hrunið og titruður rúður víða í bænum, en flestir bæjarbúar urðu varir við dynkinn sem heyrðist er hrunið átti sér stað. ...Ástæðan fyrir hruninu er talin vera sú að undanfarna daga hafa verið til skiftis í Eyjum mikil frost og úrhelli (Mbl. 20.12.).

...Menn telja að þetta hafi orðið vegna þess að lundinn grefur sér djúpar holur. Í holurnar og sprungur hafi safnast vatn, það síðan frosið og orðið til þess að stykkid sprakkr frá (Vísir 20.12.)

Heim.: Dbl. 19.12. Mbl. 20.12. 22.12. Tím. 20.12. Vísir 20.12. Veðr. des.

1978

6. apr. EYJAFJÖRÐUR (Hvammur, Hrafnaflshreppur).

Skriða.

Hlýindi og miklar leysingar, flóð í Eyjafjarðará.

Um nóttna 6. apr. sprakk fram jarðvegsfylla úr bröttum bakka skammt norðan við bæinn Hvamm í Hrafnaflshreppi. Jarðvegur var víða mjög blautur og sumsstaðar alveg vatnsósa ofan á jarðklaka. Skriðan féll á aðveituæð Hitaveitu Akureyrar og ýtti henni af undirstöðum og skekkti hana.

Heim.: Mbl. 07.04. Tím. 07.04. Veðr. apr.

1979

2. júní. SÚÐAVÍKURHLÍÐ.

Skriður

Mikið vatnsveður gekk yfir Vestfirði þ. 2. júní.

Það var upp úr kl. 17 að renna tók yfir veginn um Súðavíkurhlíð og fylgdi síðan aur og grjót. Tepptist vegurinn á einum fimm stöðum. Þar sem mest rann voru mannhæðar háar aur- og grjótskriður á veginum (Mbl. 08.06.).

Heim.: Mbl. 08.06. Veðr. júní.

4. júní. EYJAFJÖRÐUR.

Skriður.

Mikil og snögg hlýindi, upp í 19 stiga hiti, flóð og vegaskemmdir.

Í Eyjafirði hafa orðið smá skriðuföll, þó ekkert alvarlegt (Pvl. 06.06.).

Heim.: Pvl. 06.06. Tím. 06.06.

ATH: Allt er þetta frekar óljóst bæði dagsetning og hvar í Eyjafirði þessi skriðuföll voru.

júlí. NORDURÁRDALUR (Hvassafell).

Grjóthrun.

Purrt veður.

Um mitt sumar 1979 var vörubílstjóri frá Akureyri á suðurleið. Í Norðurárdal í Borgarfirði, skammt frá Hvassafelli, mætti hann flutningabíl á norðurleið og stöðvuðu þeir bílana og tóku tal saman. Skyndilega heyrðu þeir mikinn þrumugný. Litu þeir þá upp og sáu mikið hrn í klettabeltinu ofan við Hvassafell. Hrunið stóð í nokkurn tíma og var rykmökkur yfir klettunum á 100 til 200 m kafla. Hrunið byrjaði efst í klettabelinu og hrundi grjótið niður í urð, rann niður eftir henni og hrúgaðist upp. Virtist þeim sem fylla hefði flettst framan af klettabeltinu (Munnlegar upplýsingar frá Baldvini Baldvinssyni, Akureyri, - gögn H.G.P.).

Heim.: Gögn H.G.P.

20-24. okt. REYÐARFJÖRÐUR.

Skriður.

Mikið rok og gífurleg rigning 20.-24. okt.

Reyðarfjörður: ...þannig að aurskriður hafa fallið á nokkrum stöðum, t.d. féll ein grjótskriða í Grænafellinu í gær (23.10.) og lokaði veginum um stundarsakir (Mbl. 25.10.).

Heim.: Mbl. 25.10. Veðr. okt.

27-28. okt. FLJÓTSDALUR (Víðivellir).

Skriður.

Mikil úrkoma var dagana áður á þessum slóðum.

Mikið tjón varð er aurskriða féll í landi Víðivalla II í Fljótsdal austur, um síðustu helgi. Talið er að skriðan hafi drepið um 100 kindur, auk þess sem hún eyðilagði mikið af birkiskógi og einnig urðu skemmdir á súrheysturni á bænum Víðivöllum II.

Oddur Sigurðsson jarðfr. sagði að aðkoman hefði verið ljót, kindahræ og trjáviður um alla skriðuna og landspjöll mikil. Mikil úrkoma hefði verið á þessum slóðum í síðustu viku og væri það alit manna að aurskriðan hefði runnið eftir jarðklaka í jörð, sem ekki hefði náð að þiðna sl. sumar. Vatnið eftir hina miklu úrkому dagana á undan hefði ekki náð að síga niður í jörðina vegna jarðklakans og hefði það komið skriðunni af stað. Þar sem skriðan byrjaði var hún ekki nema 20 til 30 m breið, en þar sem hún endaði í árfarvegi Kelduár, var hún orðin um 300 m breið. Þá félle fleiri smáskriður þarna eystra, m.a. ein skriða sem fór yfir veginn skammt frá Glúmsstöðum I. og voru þrír bær í Fljótsdal úr vegasambandi eftir að skriðurnar félru. ...Loks má geta þess að eitthvað af búvélum mun hafa orðið undir á þessum skriðuföllum, þannig að þarna hefur orðið milljóna tjón þegar allt er talið saman (Þvl. 30.10.).

Skv. munnlegum upplýsingum frá Oddi Sigurðssyni 1991, þá er það sem eftir honum er haft um jarðklakann aðeins hugmyndir og ekki nákvæmlega eftir honum haft í fréttinni. Hann telur þó hugsanlegt að einhver jarðklaki hafi leyst eftir í fjallinu, en það var ekki kannað (Gögn H.G.P.).

Heim.: Þvl. 30.10. Gögn H.G.P.

ATH: Í ljósi þess hve hart sumarið 1979 var, er hugmynd Odds ekki svo ótrúleg.

1980

24-25. febr. KAMBANESSKRIÐUR, VATTARNESSKRIÐUR.

Skriður.

Fárviðri gekk yfir vestanvert landið, víða var mikil úrkoma um sunnanvert landið, fokskaðar, vatnavextir, snjóflóð, vegaskemmdir.

...og um helgina urðu tjón er aurskriður féllu á vegi á Kambanesi og Vattarnesi (Mbl. 26.02.).

Heim.: Mbl. 26.02.

Mars GVENDARNESKRIÐUR.

Jarðskrið.

p. 26. mars könnuðu verkfræðingar, jarðfræðingar og tæknimenn frá Vegagerðinni Gvendarnesskriður, milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Komið hafði í ljós sig á vegi sem liggur um skriðuna. Könnun leiddi í ljós að skriðurnar virtust vera berghlaup á hægri hreyfingu. Miklar sprungur voru áberandi bæði neðan og ofan við veginn. Nýlega hafði orðið um 0.6 m sig á 50 m vegakafla. Skriðan virtist allavega nokkra alda gömul. Ekki virtist að mikið sig hefði nýlega orðið í skriðunni. Sitt hvoru megin við skriðuna voru nýlegar aurskriður úr svipuðum skriðum. (Upplýsingar frá Jóni Skúlasyni, verkfræðingi, Reykjavík).

Heim.: Jón Skúlason 1. apr. 1980, Greinargerð til Vegagerðar Ríkisins á Reyðarfirði um Gvendarnesskriður. Almenna Verkfræðistofan.

14-15. maí. FOSSÁRDALUR

Skriða, grjóthrun.

Skv. upplýsingum frá Árna Hjartarsyni mun skriða eða blanda af skriðu og grjóthruni (berghlaup ?) hafa fallið rétt utan við unglegt berghlaup í Fosssdal, inn af Þjórsárdal um kl. 24 þ. 14.05. Þetta byggir Árni á vettvangskönnun og skyndilegri þurrð í Fossá, sem kom fram á vatnshæðarmæli Vatnamælinga Orkustofnunar í Fossá. Skriðan hefur stíflað ána. Efst í skriðuörinu hafa töluverðar bergfyllur losnað og hlaupið fram. Þetta er því blanda af skriðu (neðst) og berghlaupi (efst).

Um berghlaupið segir Árni m.a. þetta: Því fer fjarri að kyrrð sé komin á þetta hlaup. Bergfyllur upp á mörg þúsund rúmmetra virðast munu hlaupa úr skálarbörmunum innan tíðar. Þar eru miklar sprungur í hamrabrúninni. Mestu sprungurnar eru upp af innanverðu brotinu. Þar hefur orðið dálítið stallasig án þess að fyllurnar hafi náð að kollsteypast. Allstór bergflykki hafa einnig sprungið frá hlíðinni án þess að hafa sigið verulega, en sprungurnar eru allt að 10 m víðar. Þarna geta menn í bókstaflegri merkingu séð jörðina gliðna undir fótum sér.

Árni telur að undangröftur Fossár sér orsök berghlaupa og skriðna í dalnum.

Heim.: Gögn Árma Hjartarsonar, Orkustofnun, Reykjavík.

ATH: Hugsanlega er grjóthrun þetta af þeirri stærðargráðu að rétt sé að flokka það sem berghlaup.

24. maí. VESTMANNAEYJAR (Súlnasker).

Grjóthrun.

Um 1200 rúmmetrar af móbergi hrundu úr Súlnaskeri í Vestmannaeyjum. Hrunið var þar sem menn hafa ávalt híft og slakað farangri í Skerið. Sárið eftir hrunið var um 15 m langt, 15 m djúpt og 7 m breitt (Mbl. 01.06.).

Heim.: Mbl. 01.06.

31. okt. NESKAUPSTAÐUR, (víðar á Austfjörðum).

Skriður.

Mikil rigning var á Austurlandi og Austfjörðum og fylgdi henni hlýindi þannig að snjór bráðnaði úr fjöllum, leysing, flóð, vegaskemmdir.

...Um kl. 14 var votviðri og rok svo mikið að aurskriða hljóp yfir Urðarteig á Neskaupsstað, niður á Strandgötu og út í sjó. Um kl. 17 hljóp síðan stærri skriða niður á svipuðum stað, sem er innarlega í bænum. Fór skriðan yfir garð eldri hjóna og lenti hluti hennar í kjallara hússins. Garðurinn sem var hinn fegursti, gjöreyðilagðist og sama gerðist um annan garð sem varð að farvegi aurskriðunnar. Um svipað leyti hljóp aurskriða niður við félagsheimilið á Neskaupsstað, stíflaði lækinn, sem við það rann í striðum straumum niður með félagsheimilinu, þannig að á veginum við heimilið hlóðust upp mörg bíhlöss af aur og grjóti. Þá gróf aurinn sig í gegnum veginn milli Rafveitunnar og slökkvistöðvarinnar, auk þess sem garðar hlutu óbætanlegan skaða af. Tjón er talið nema tugum milljóna (Vísir 03.11.).

...urðu atburðir með þeim hætti að tvær skriður félru við Urðarteig, en hin þriðja við Stekkjargötu. Það var um hádegið sem veðrið var verst og mikill vatnagangur sem kom skriðunum af stað. Skemmdir urðu á lóðum og 2-3 húsum og sagðist bæjarstjóri smeykur um að holræsakerfið væri illa farið (Pvl. 04.11.).

...gerðist þetta á 4-5 klst. tímabili í kjölfar þíðviðris og rigninga. Vatn flæddi víða í kjallara húsa, vegir teppust af aur og fóru sums staðar hreinlega í sundur. Skemmdir urðu á lóðum og húsum (Dbl. 04.11.).

...á Austfjörðum urðu víða talsverðar skemmdir á vegum og símastrengjum vegna skriðufalla (Veðr. okt.).

Heim.: Mbl. 02.11. Vísir 03.11. Pvl. 04.11. 05.11. Dbl. 04.11. Tím. 04.11. 05.11.

Austurl. 06.11. Veðr. okt.

ATH: Sennilega hafa skriður fallið víðar á Austfjörðum, en ekki er getið um hvar.

9. des. ÓLAFSVÍKURENNI.

Skriða, grjóthrun.

Tíðarfari umhleypingasamt og kalt.

Í morgun (09.12.) urðu menn þess varir að stór sneið hafði fallið úr bergenu í Ólafsvíkurenni og fyllt veginn á 20-30 m kafla. Þarna munu hafa fallið hundruð tonna af grjóti og náði sárið í bergenu upp undir brún. Leikmenn telja að frost hafi sprengt bergið fram og víðar í bergenu má sjá móta fyrir sprungum í bergenu. ...Veginn fyllti af grjóti og var þykkt skriðunnar talsvert meiri en hæð jarðytunnar, sem vann að því í dag að opna veginn að nýju. Fall bergsins hefur verið nær 16ðrétt niður úr þverhnípinu (Mbl. 11.12.).

Heim.: Tím. 11.12. Pvl. 11.12. Mbl. 11.12.

1981

26. jan. LUNDARREYKJADALUR (Lundur).

Skriða.

Asahláka var um allt land þ. 26. og 27.

...Skömmu eftir kl. 21. í fyrrkvöld fél aurskriða á gripahúsin á bænum Lundi í Lundarreykjadal. Hún sópaði með sér fjósi og hlöðu bæjarins auk hesthúss, sem stóð við gafl hlöðunnar, þannig að aðeins gaflar þessara húsa standa eftir. ...Nú er ljóst að 11 af kúnum drápust (af 21) og tveir hestar í þessum hamförum. Tjón nam tugum millj. gam.kr. en auk fyrrgreinds tjóns, skemmdist nokkuð af heyi og partur af túni. ...Vatnavextir voru miklir áður en skriðan fór af stað, en hún kom úr hól sem stendur ofan við bæinn. Snejð úr honum rann af stað með fyrrgreindum afleiðingum. Heimamenn urðu varir við að vatn var byrjað að renna úr hólnum áður en skriðan kom, en áttu alls ekki von á þeim ósköpum sem dundu yfir (Tím. 28.01.).

...Skriðan hljóp framan úr bröttum bakka. ...Fallið er ekki mikið og skriðan aðeins um tíu metra breið. ...Auk þeirra skemmda sem fyrr er getið, urðu smávægilegar skemmdir á túni og girðingum. Skriðan rann aðeins um 10 m niður á húsin, og er ótrúlegt hvað þetta olli miklu tjóni, í þessu var sambland af snjó, leir og aur, og mjög þungt (Mbl. 28.01.).

Heim.: Tím. 28.01. Mbl. 28.01. 30.01. Vísir 28.01. Dbl. 02.03. Veðr. jan.

Apr. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRD (Almenningsnöf).

Jarðskrið.

Vegurinn um Laufskóga innan við Mánárskriður við Siglufjörð: Hluti af fjallshlíðinni þarna virðist síga fram og nú síðustu ár er það einkum kafli um Innri-Almenningsnöf sem hefur verið á hreyfingu. Mikið fé hefur farið í viðhald á veginum, sem td. hefur sigið um metra frá því að hann var lagfærður á síðasta sumri. ...Landið þarna hefur verið á hreyfingu mörg undanfarin ár og þá ekki aðeins á vorin, heldur meira og minna allt árið (Mbl. 01.05.).

Heim.: Mbl. 01.05.

12. maí. STRANDIR (Veiðileysuháls).

Grjóthrun.

Vegurinn um Veiðileysuháls á Ströndum var opnaður eftir veturinn. Þá munaði litlu að slys yrði þegar bílarnir óku þar um, en steinn úr fjallinu lenti á frambretti bíls og annar á hann aftanverðan (Mbl. 14.05.).

Heim.: Mbl. 14.05.

22.-29. maí. VATTARNESSKRIÐUR, STAÐARSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Frá því um miðja síðustu viku hefur Vegagerðin ekki sinnt því að hreinsa grjót sem ávalt hrynnur úr Vattarnes- og Staðarskriðum. Hafa vegfarendur sjálfir þurft

að bera grjót af veginum og nú er svo komið að ógerningur er að mætast í Staðarskriðum (Mbl. 30.05.).

Heim.: Mbl. 30.05.

26. maí. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Stórt bjarg féll á veginn um Óshlíð.

Heim.: Mbl. 30.05.

25. sept. ESKIFJÖRÐUR, SEYÐISFJÖRÐUR (Bjólfur, Strandatindur, Botnahlíð).

Skriður.

Á Austurlandi ringdi mjög mikið í norðaustan átt.

Eskifjörður: Aurskriðan sem féll niður á Lambeyrará stórkemmdi margar lóðir. Hún byrjaði í u.p.b. 400 m hæð og bókstaflega fyllti ána af grjóti. Leir og vatn sem á eftir kom féll á nærliggjandi hús. Mikil vatnselgur lagðist upp að elliheimilinu, þegar skriðan hljóp, en það var um kl. 22.30 þ. 25. Það sem varð til þess að enginn aur komst inn í elliheimilið var gamall bílskúr, sem stóð þar fyrir ofan. Skúrinn breytti stefnu straumsins þannig að vatnið hljóp meira til austurs og á lóðirnar þar og stórkemmdi þær, ef ekki eyðilagði. Þá olli vatn og aur stórtjóni í kjallara hússins nr. 12 við Lambeyrarbraut, og þar fyrir neðan fór vatn inn í kjallara grunnskólahússins sem nú er í smíðum. Þegar skriðan féll var allt fólk flutt af elliheimilinu, en það var flutt til baka að nýju að morgni þ. 26. ...Talið er að áin hafi borið fram milli 700 til 1000 rúmmetra af grjóti og aur niður í bæinn. Nú er tveggja tommu þykkt lag af leir á kjallaragólfí nýja grunnskólans og talið að þaðan þurfi að moka alls 30 rúmmetrum (Mbl. 29.09.).

Seyðisfjörður: Jónas Hallgrímsson, bæjarstjóri: Það var búið að rigna á okkur, meira og minna í þrjár vikur. Á föstudag (25.) félle tvær skriður úr Bjólfinum. Önnur féll beint upp af gamalli verbúð frá síldarárunum. Skriðan féll á verbúðina, og orsakaði mikið tjón, því þar var mikið af fullþurrkaðri skreið sem beið útflutnings, en skreiðin skemmdist við skriðufallið. Þessi skriða lokaði veginum. Einum 400 m utar féll önnur skriða, sem einnig lokaði veginum. Sunnan fjarðarins féll skriða við svokallað Nóatún úr Strandatindi og eins félle einar þrjár skriður úr Botnum fyrir ofan Botnahlíð, en þar er efsta byggðin sunnan fjarðarins. Skriður þessar félle alveg niður að byggðinni og í sumum tilvikum fóru þær alveg inn á húsatún (skemmdir að lóðum) (Tím. 29.09.).

Heim.: Mbl. 27.09. og 29.09. Vísir 28.09. Dbl. 28.09. Tím. 29.09. Þvl. 29.09.

Veðr. sept.

27. sept. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRÐ.

Skriða, jarðskrið.

Mikil úrkoma hafði verið um tíma á Siglufirði.

Skriða félí á veginn þ. 27.

Strákavegur til Siglufjarðar á Almenningum hefur að undanförnu færst sem nemur 2 til 2,5 m í átt til sjávar. Mikil úrkoma hefur verið þarna að undanförnu og

er vegurinn verst farinn á 100-200 m kafla, en sigkaflinn er samtals á rúmlega hálfum km (Mbl. 02.10.).

Heim.: Mbl. 02.10.

16. okt. ÓLAFSVÍKURENNI.

Skriður, grjóthrun.

Leysing og súld.

Símalína slitnaði undir Ólafsvíkurenni og viðgerðarmenn fóru á vettvang. Þá hafði brugið til þíðu og súld var einnig, og er þá mjög hætt við hruni úr Enninu. Enda kom það á daginn að viðgerðarmenn máttu vara sig að verða ekki fyrir steinkasti úr hlíðinni. Þeir urðu að láta skóflu gröfunnar skýla tjaldinu sem þeir voru að vinna í og dugði ekki til því tvær skriður lento svo nálægt tjaldinu að steinar lento inni í því (Mbl. 27.10.).

Heim.: Mbl. 27.10.

26. des. SÚGANDAFJÖRÐUR (Suðureyri).

Grjóthrun.

Leysing.

Steinn (600-800 kg.) losnaði úr (aur)skriðu í um 400 m hæð í fjallinu Spilli ofan við Suðureyri. Af förum í hlíðinni eftir steininn mátti merkja að hann breytti um stefnu á leiðinni og kom niður töluvert utar í hlíðinni, en hann lagði af stað. Steininn fór niður í gegn um mitt þak á húsinu Hjallavegi 11, og síðan í gegnum eldhúsloftið þar fyrir neðan og út í gegnum steinsteyptan vegg og glugga sem er á framhlið hússins og lenti síðan úti í garði. Tvo drengi sem voru í eldhúsinu sakaði ekki. Á sama tíma féll annar steinn úr fjallinu, en hann fór á milli húsa.

Heim.: DV 28.12. Mbl. 29.12. Tím. 29.12. Þvl. 29.12. Veðr. des.

1982

4. febr. HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Skriður, grjóthrun.

Fyrstu daga mánaðarins var hlýtt á landinu og mikil úrkoma, leysing, flóð og vegaskemmdir.

...Í Hvalfirði hrundi á veginn (Mbl. 05.02.).

...Fólk var varað við að ferðast um Ólafsfjarðarmúla. Auk hvassviðris og rigningar var þar grjóthrun og talin hætta á snjóflóðum (Mbl. 05.02.).

...Skriður fóllu á fimm stöðum í Ólafsvíkurenni. Stærsta skriðan fóll á veginn og fram í sjó í svonefndum Dauðsmannsskriðum og er þetta stærsta skriða sem fallið hefur úr Ólafsvíkurenni síðan vegurinn var lagður þar. Vegagerðarmenn sögðust ekki muna eftir þvílíkum skriðuföllum úr Enninu. Töldu þeir að 20-25 þúsund rúmmetrar af urð og aur hefði borist niður fjallið í stóru skriðunni (Mbl. 06.02.).

Heim.: DV 05.02. 06.02. Mbl. 05.02. 06.02.

17. febr. HVALFJÖRÐUR, ÓLAFSVÍKURENNI, GRUNDARFJÖRÐUR.

Skriður.

Hlý sunnanátt og mikil úrkoma var á landinu þ.16.-18.

Þá lokaðist Hvalfjörður á tveim stöðum vegna skriðufalla, en vegurinn var opnaður aftur um hádegi (Pvl. 18.02.).

Vestur á Snæfellsnesi félle skriður á veginn um Ólafsvíkurenni. Vegurinn lokaðist og í gær var ekki hægt að hefja ruðning vegna vatnsflóða sem fylgdu skriðufallinu. ...Þá féll skriða á veginn milli Grundarfjarðar og Helgafellsveitar, en þeirri skriðu var rutt af í gær (Tím. 18.02.).

Heim.: Pvl. 18.02. Tím. 18.02. Mbl. 19.02.

21. maí. ÓLAFSVÍKURENNI.

Grjóthrun.

Síamenn unnu að viðgerð á símastreng og var stór traktorsgraða þeim til aðstoðar og hlífðar. Áður en nokkurn varði, kom 20 kg. grjóthnullungur fljúgandi inn um hliðarglugga gröfunnar og lenti í stól ökumanns og lagði hann nær saman. Ökumann sakaði ekki.

Heim.: Mbl. 22.05.

2. júlí. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Bifreið varð fyrir grjóthruni á Óshlíðarvegi um kl. 14.30 þ. 2. Eldri hjón voru í bílnum, konan slasaðist tölvert og var flutt til Reykjavíkur. Maðurinn fékk aðeins skrámur. Teljast má lán að ekki fór verr, því bíllinn lagðist saman og gjöreyðilagðist. Mikið grjóthrun hafði verið úr fjallinu síðustu vikurnar á undan.

Heim.: Mbl. 03.07. 04.07. 06.07. 07.07. 16.07. Veðr. júlt.

9. ág. AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Vatnsdalur, Gönguskörð).

Skriður.

Þ. 9.-10. var mikil úrkoma norðan til á landinu. Mældir voru 40 mm yfir sólarhringinn (þ. 9.) á Blönduósi.

Skriða félle í landi bæjarins Hvamms í Vatnsdal í A-Hún. Skriðan fyllti gil og læk sem rann eftir því og út á tún (Mbl. 12.08.).

Aðfaranótt síðasta mánudags (Þ. 9.) gekk hér norðan slagveður með óhemju miklu úrfelli og hvassviðri sem stóð í þrjú dægur. Félle þá þrjár skriður rétt fyrir sunnan bæinn Heiði í Gönguskörðum. Ein þeirra náði veginum sem slapp þó við skemmdir, en þetta var mikið jarðrask. Má segja að allt hafi verið á floti, víða runnið úr vegum og tjarnir myndast á túnum (Tím. 12.08.).

Heim.: Mbl. 12.08. Tím. 12.08. Veðr. ág. Húnavaka 22.

16.-18. ág. SIGLUFJÖRÐUR.

Skriður.

Úrkomusamt var á norðanverðu landinu vikuna á undan.

Snemma um morgun þ. 16. voru bæjarstarfsmenn á Siglufirði að veita vatnsflaumi, sem kom ofan hlíðina í niðurföll og hreinsa frá ristum til að verjast skemmdum af völdum vatnsins. Um kl 8 heyrðu þeir miklar drunur uppi í fjallinu fyrir ofan við sig og síðan kom fyrsta aurskriðan. Hún kom úr Hafnarfjalli, fór ofan í mjótt gil og spýttist með feiknarlegum krafti út úr gilinu, 100-200 m breið. Þegar hún kom út úr dreifðist hún en 20-25 m breið læna hélt áfram og fór að íbúðarhúsi, yfir óbyggða lóð og yfir Suðurgötu. Gatan lokaðist en 1-1.5 m lag af aur og grjóti var á henni á um 20 m kafla. Húsið sem varð fyrir skriðunni skemmdist ekkert, en aurinn náði upp á miðja veggi á norðurhlið og suður eftir vesturhlið. Lóðin var meira og minna ónýt.

Önnur skriðan kom um kl 8.30. Þá kom stór skriða sem stoppaði uppi í hlíðinni, safnaði þar í sig vatni og eftir 10-15 mín. sprakk hún fram með feiknaafli. Bæjarstarfsmenn höfðu þá grafið skurð til að verja húsið sem var í mestri hættu. Þriðja aðalskriðan kom síðan um 9.30.

Sú síðasta kom í hádeginu. Sú var að mestu vatn og grjót og fór niður um allt hverfið fyrir neðan.

Ágúst Stefánsson bæjarverkstjóri sagði að fleiri þúsundir, ef ekki tugir þúsunda rúmmetra af jarðvegi hefðu faerst til uppi í fjallinu. Hann sagðist hafa farið þarna uppeftir í gær og hefðu miklar breytingar orðið í fjallinu í þessum skriðuföllum. Ágúst sagði að fólk hefði ekki beinlínis verið í hættu statt en hann hefði samt ekki þorað annað en að vara það fólk við, sem býr í 12 húsa hverfi þarna næst fyrir neðan, og yfirlágu nokkrir hús sín vegna þessa.

Í gær var unnið að því að opna Suðurgötu, áætlað að á götunni hefðu verið eitt til tvö hundruð rúmmetrar af aur og grjóti (Mbl. 17.08.).

...(fyrsta skriðan) Þetta var stór og mikil skriða sem hélt ferð sinni þar til hún var komin alveg niður í bæ. Menn gátu fylgst með skriðufallinu allt þar til það nam staðar á Suðurgötunni og var þá þar 10 m hárr bingur á götunni. Skriðan hagaði sér þannig að hún virtist nema staðar öðru hvoru, en fór svo af stað aftur.

...Skriða þessi kom úr sama gili og snjóflóð hafa komið úr á Siglufirði (Dagur 17.08.).

Hellirigning var áfram í Siglufirði, skriðuföll héldu áfram og sennilega hafa fallið þrjár skriður til viðbótar. Sú fyrsta kl 23. þ. 17., önnur um kl. 1.30 þ. 18. og sú síðasta kl. 3.30 þ. 18. ...Ný fylla hefur sennilega ekki farið úr fjallinu, heldur hefur gilið verið að hreinsa sig. Þegar svona mikið rigndi og vatnið kom í aurinn, sem komið hafði í gilið þ. 16., hefur hann þynnst, farið af stað og skriðan dreifst. Hún hefur dreifst talsvert meira en áður var. Ekki hefur orðið meira eignatjón en áður var orðið. Skriðan fyllti Suðurgötu aftur. Þunn vatnsleðja rann niður allan bæ og niður í sjó. ...Magnús Benediktsson sem býr neðan við Suðurgötu, var úti við að veita vatni frá húsum: "Um kl. 23 heyrði ég hávaða ofan úr fjalli og þá hefur líklega komið smá skriða ofan að, en hún náði ekki hingað niður. Um kl. 1.30 heyrði ég ægilegar drunur og læti sem stóðu í um 5 mín. Um kl. 3.30 heyrði ég aftur ægilegar drunur. Ég tók þá til fótanna og hljóp um 100 m leið suður fyrir skriðuna og sá þá stóra gusu koma niður brekkuna. Þetta var þunn drulluleðjuskriða, sem skifti sér og fór mestur hlutinn niður á götu, fyllti götuna hérna fyrir framan og rann báðum megin við húsin, þar sem ég bý neðan Suðurgötunnar. Lækurinn kom síðan í kjölfar skriðunnar og steinsteyptur garðveggur varnaði því að drullan flæddi hér yfir lóðina" (Mbl. 19.08.).

Í gær var unnið að því að grafa rás í fjallið ofan við byggðina og er henni áætlað að að taka við fleiri aurskriðum ef þær koma og veita þeim suðurfyrir bæinn. Önnur umferð um fjallið var bönnuð í gær. ...Uppi í fjallinu hafa myndast stórar sprungur og í þær hefur safnast vatn. Talin er mest hætta á að þessar sprungur

fyllist alveg af vatni, og vatnið og drullan ryðjist síðan niður brekkurnar í átt að bænum (Dagur 19.08.).

Heim.: Mbl. 17.08. 19.08. 21.08. Dagur 17.08. 19.08. Tím. 17.08. 18.08. DV 17.08. Þvl. 17.08. Veðr. ág.

ATH: kanna fleiri heim. ath Tím.

18. ág. MÁNÁRSKRIÐUR.

Jarðskrið.

Mikil úrkoma hafði verið vikurnar á undan (sjá Siglufjörð).

Vegurinn í Mánárskriðum seig um 40 cm Siglufjarðarmegin og 25 cm Fljótamegin.

Heim.: Mbl. 21.08.

ATH: Hugsanlega er hér átt við Almenninga við Siglufjörð.

Jan.-okt. AKUREYRI (Leikhúsið).

Jarðvegsskrið.

Brekkan hefur verið að skríða fram undanfarin ár, og ég hef nokkrum sinnum kvartað undan þessu við tæknideild bæjarins og beðið um úrbætur. Þetta er að skemma húsið og þarna rennur vatn inn. Búningsklefar sem eru vestan á húsinu eru að fara niður vegna þess að undir þeim er stoðveggur sem brekkan er að spryrna í burtu. ...Það er vatnsuppsprettu uppi í miðri brekkunni og hvammur, og sá hvammur hefur allur stækkað og sigið og brekkan bólgnad út neðst. Eftir hinn slæma sl. vetur hefur þetta aukist mikið (Ágúst Berg húsameistari Akureyrarbæjar) (Dagur 07.10.).

Heim.: Dagur 07.10.

ATH: Víða er jarðvegurinn utan á brekkunni á Akureyri á hægu skriði niður á við. Hraði þessa skriðs eykst mjög þegar hann er vatnsósa.

4. nót. KJÓS.

Skriða.

Þ. 4. féll aurskriða í Kjós.

Heim.: Veðr. nót.

1. des. VATTARNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, HVALNESSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Lægð gekk yfir landið, mikil rigning og hlýindi. Leysingar og flóð.

Mikið grjóthrun var í skriðum milli Breiðalsvíkur og Stöðvarfjarðar og einnig í skriðunum við Vattarnes.

Heim.: Mbl. 02.12.

ATH: Sennilega átt við Kambanesskriður og Hvalsnesskriður með, "milli Breiðalsvíkur og Stöðvarfjarðar".

1983

22.-23. jan. ÓLAFSVÍKURENNI, BÚLANDSHÖFÐI.

Grjóthrun.

Lægðir gengu yfir landið þessa daga og þeim fylgdi rigning og hlýindi. Leysing, vatnavextir og snjóflóð (m.a. Patreksfjörður).

Mikil hætta skapaðist í Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða vegna ofsahláku og grjóthruns (Mbl. 26.01.).

Snjóflóðahætta var talsverð (DV 24.01.).

Heim.: DV 24.01. Mbl. 26.01.

ATH: Snjóflóð virðast líka hafa fallið í Enninu í þetta skiftið.

13.-18. febr. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRÐ.

Jarðskrið.

Vegurinn við Kóngsnef seig um metra á 5 dögum. Hreinn Haraldsson jarðfr. VR, kannaði aðstæður. Hann segir að sigið sé nú alls um einn metri. Þ. 13. (sunnudag) seig landið skyndilega um hálfan metra og síðan hefur það sigið um 10 cm á dag til viðbótar þar til á fimmtudag, að sigið virtist stöðvast. Vegurinn liggur þarna um mikið framhlaup, sem nær í sjó fram (Mbl. 19.02.).

Heim.: Mbl. 19.02.

1. mars. GILSFJÖRÐUR, SKÓGARSTRÖND, ÓLAFSVÍKURENNI, PVOOTTÁRSKRIÐUR, HVALSNESSKRIÐUR, KAMBANESSKRIÐUR, VATTARNESSKRIÐUR.

Skriður, grjóthrun.

Aðfaranótt 1. mars var sunnan hvassviðri eða stormur, og mjög mikil rigning, frá sunnanverðum Austfjörðum um allt sunnan- og vestanvert landið, til Vestfjarða.

...Skriður féllu á veginn fyrir Gilsfjörð.

...Skriða félle á veginn um Skógarströnd.

...Undir Ólafsvíkurenni voru skriðuföll og grjóthrun.

...Í Pvottárskriðum eru mikil skriðuföll og var ekki hægt að hefjast handa við viðgerð þar í gær, þar sem enn félle skriður á veginn.

...Skriðuföll hafa verið mikil í Kambanesskriðum og í Vattarnesskriðum (Mbl. 02.03.).

Skriður féllu á vegi í Pvottárskriðum og Hvalsnesskriðum (Veðr. mars).

Heim.: Mbl. 02.03. Tím. 02.03. Veðr. mars.

ATH: Þ. 17.07.83 var opnaður nýr vegur um Ólafsvíkurenni, og liggur sá í fjörunni framan við Ennið. Eftir það er ekki getið um skriðuföll og grjóthrun í Ólafsvíkurenni.

23. maí. EYJAFJÖRÐUR (Djúpidalur).

Skriða.

Hitar, vorleysing.

Aurskriða félle úr fjallinu ofan við bæinn Stóra-Dal í Djúpadal, Eyjarfjarðarsýslu. Skriðan sem átti upptök sín efst í fjallshlíðinni var lengi að renna (2 t.) og fossaði

vatn lengi úr sárinu (Munnlegar upplýsingar frá ábúendum að Stóra-Dal, Eyjafjarðarsýslu, - Gögn H.G.P.).

Heim.: Gögn H.G.P.

Febr.-júní. ALMENNINGAR VIÐ SIGLUFJÖRÐ.

Jarðsig.

Um 100 m kafli á Siglufjarðarvegi við Almenninga, nánar tiltekið við Kóngsnef, hefur sigið um 1.12 m síðan í febrúar sl. og um 1.5 m frá því júní fyrir ári. Þessar upplýsingar fengust hjá Hreini Haraldssyni jarðfræðingi Vegagerðarinnar, en hann hefur nýverið gert mælingar á svæðinu. Sagði Hreinn að fleiri staðir á svæðinu hefðu sigið eitthvað líka, en ekkert á við þennan 100 m kafla. ...Hreinn sagði að þótt þetta væri ekki beinlínis hættusvæði, væri ástæða til að hvetja fólk til að fara varlega þarna um. Sérstaklega þyrfti fólk að vera á varðbergi gagnvart skörpum stöllum sem hæglega gætu myndast á veginum (Mbl. 23.06.).

Í lok júlímanunar lauk bráðabirgðaviðgerð á veginum við Almenningsnöf utan við Siglufjörð. ...Jónas Snæbjörnsson, umdæmisverkfraeðingur á Sauðárkróki, sagði að jarðsigið hefði aldrei verið jafnmikið og síðan viðgerð lauk í ágúst á síðasta ári. Sagði hann veginn hafa sigið að þessu sinni um 3 m en árin áður hefði sigið aldrei verið meira en 2 m (Mbl. 14.08.).

Heim.: Mbl. 23.06. 14.08.

ATH: Í greinargerðum jarðfræðinganna Hreins Haraldssonar og Hafliða Hafliðasonar frá 1982., kemur fram að vegurinn um Almenninga liggur um forn berghlaup, en hlutar þess eru á hreyfingu. Sig á vegi hefur komið fram þegar hlutar svæðisins hafa sigið snögglega niður, í mikilli vætutíð og við leysingar. Hægt sig virðist líka í gangi. Berggrunnur á svæðinu er mikið ummyndaður og leirríkur, auk þess brotinn upp af göngum og halli jarðlaga er mikill. Berghlaupið sem er gamalt hefur fallið yfir bratta hlíð utan á henni liggur fínefnaríkur (leirríkur ?) jökulruðningur. Grunnvatnsflæði á mörkum berghlaupsefnis og jökulruðnings, gerir yfirborð jökulruðnings sleipt og að skriðfleti. Við miklar rigningar, samfelldri vætutíð og bráðar og miklar leysingar eru þessi ferli virkust. Auk þess eru í fjöllunum í kring tjarnir og lítil vötn og grunnvatnsrennsli virðist talsvert inn á svæðið. Mikið sjávartof framan af berghlaupinu eykur auk þess skriðið.

Heim.: Hreinn Haraldsson 1982: Greinargerð um jarðsig á Siglufjarðarvegi, Vegagerð Ríkisins. Hafliði Hafliðason 1982: Jarðfræðiskýrsla vegna jarðsigs á Almenningum við Siglufjörð, Vegagerð Ríkisins.

22.-23. júní. ÓLAFSFJARDARMÚLI.

Skriður, grjóthrun.

Mikið rigndi á Norður- og Vesturlandi þ. 22. og 23. Hlýindi, leysingar, vatnavextir og flóð. Mikið snjómagn og sein leysing.

Margar aurskriður féllu á veginn fyrir Ólafsfjardarmúla í gærmorgun og fyrrinótt (22.06.) svo að hann lokaðist. Skriðurnar eru allt frá því að vera nokkur hundruð metra breiðar og meters þykkar fram á veginn komnar, og mun þykkri í hlíðinni. Mikil vatnsveður voru á þessum slóðum í fyrrinótt og fram eftir degi í gær og þurftu vegagerðarmenn frá að hverfa við hreinsun vegna grjótflugs og skriðufalla (Mbl. 23.06.).

Þ. 22. féllu margar aurskriður á veginn og voru þær breiðstu 260 m breiðar og mjög þykkar. Vegagerðarmenn þurftu frá að hverfa við hreinsum vegna grjótflugs

og skriðufalla. Þessar skriður munu hafa verið í innanverðum Múlanum og þær langmestu skriður, sem fallið hafa í 20 ára sögu vegarins fyrir Múlanum, enda muna menn ekki svona mikinn snjó í fjöllum á þessum árstíma. Um var að ræða mestu skemmdir sem orðið hafa á veginum frá upphafi. Þ. 23. félundu enn skriður. Í Drangsgili félum um 60 m breið skriða. (Mbl. 24.06.).

Valdimar Steingrímsson viðtal vegna skriðufalla í ágúst 1988: - Hefur einhvern tímann áður orðið önnur eins eyðilegging á Múlanum og nú (1988)? Já, ég myndi segja að það hafi verið. Það var sumarið 1983 sem félundu miklu fleiri skriður, það var mun meira magn. Það var að mörgu leyti verra þá, nema á þessum stað hérrna við Bríkargil. ...Þannig var að ég var með two eða þrjá menn með mér og við vorum að hreinsa (grjóthrun?). Það var ansi mikil rigning þarna og við erum komnir yfir aðal hættusvæðið, inn undir slysavarnarskýli. Þá bætir alveg rosalega við rigninguna, það var svo mikil rigning að ég hef ekki komið út í aðra eins rigningu á Íslandi, hún hefur verið meiri en rigningin núna þótt hún hafi verið mikil. ...Ég kallaði upp löggregluna á Ólafsfirði og sagði henni að leggja þversum á veginn og banna alla umferð um Múlanum. Auðvitað lokaðist Múlinn strax á hælana á okkur, það var svoleiðis skriða við skriðu. Þetta veður stóð ekki nema nokkra klukkutíma, þá stytta upp og gerði gott veður, þannig að þá lögðum við strax til atlögu (hreinsun). ...því að það voru nokkrir metrar milli skriðna. Það voru svo margar skriður þá að ástandið á veginum var hrikalegt, miklu verra en það er nú. Ég man t.d. eftir einni skriðu þarna sem var um 270 m á lengd á veginum, en hún var ekki þykk (Dagur 08.09.88).

Heim.: Mbl. 24.06. 25.06. Dagur 27.06. 29.06. 08.09.88 Veðr. júní.

ATH: Þetta munu mestu skriðuföll sem þekkt eru í Múlanum, mun stærri en 1988.

29. júní. ÍSAFJÖRÐUR.

Skriða.

Þ. 29. var þurrt veður á öllu landinu, leysing í fjöllum.

Aurskriða félundur fyrir ofan byggðina á Ísafirði um hádegið þ. 29. Skriðan félundur svonefndum Gleiðahjalla og fór í skurð nokkurn, djúpan og víðan, sem lá þvert á stefnu skriðunnar og er ætlaður til að taka á móti aurskriðum sem þessari. Engar skemmdir urðu á mannvirkjum (Mbl. 30.06.).

... Skriðan félundur úr Gleiðafjalli um kl 14.30. Skriðan kom frá fjallsbrúninni og rann niður lækjarfарveg. Stórir steinar voru í skriðunni, sem stöðvaðist í skurði sem grafinn hafði verið til að stöðva skriðu sem þessa (DV 30.06.).

Heim.: Mbl. 30.06. DV 30.06. Veðr. júní.

3. júlí. DYRHÓLAEY.

Grjóthrun.

Þ. 3. varð mikið hrundur í Dyrhólaey (Veðr. júlí).

Austan Dyrhólaeyjar og Reynisfjalls hefur sjóinni grafið úr fjörunni og er fjaran þar nú um 100 m norðar en hún var fyrir einu ári. Stór bergfylla hefur hrundið úr Dyrhólaey suður af vitanum og þar hefur myndast sprunga þannig að fyrirsjánlegt er að þar á eftir að hrynda meira úr bergen. Strengd hefur verið snúra ofan við sprunguna og eru ferðamenn varaðir við að fara nærrí brúninni þar sem þetta getur hrundið hvenær sem er. (Mbl. 24.08.).

Heim.: Veðr. júlí. Mbl. 24.08.

4. júlí. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Um morguninn þ. 4. féll stórt bjarg á vegginn um Óshlíð, í svokölluðum Hólum, rétt innan við vitann. Þetta var klettadrangi sem stóð rétt ofan við vegginn og féll svo niður á vegginn í leysingum, svo hann lokaðist. Bjargið var 3-4 m á kant og virtist vera nokkur tonn á þyngd (Mbl. 05.07.).

Heim.: Mbl. 05.07. Veðr. júlt.

9. ág. MOSFELLSSVEIT (Hrísbrú).

Skriða.

Mikil votviðri á Suður- og Vesturlandi í byrjun mán.

Aurskriða féll um kl. 16 þ. 9. við bæinn Hrísbrú í Mosfellssveit. Tók hún sundur tvær girðingar og olli umtalsverðu tjóni á túninu á Hrísbrú. Ólafur Jakobsson bóniði að Hrísbrú, var sjónarvottur að skriðufallinu. ...Aurskriðan rann hægt eins og hraun, með miklum drunum. Flaumurinn stöðvaðist ekki fyrr en komið var töluvert fram á túnið og munaði litlu að hann rynni á fjárhús (DV 11.08.).

Það að aurskriða skyldi falla niður úr Mosfelli herna megin kom mér mjög á óvart. Ég varð einnig mjög hissa á hversu mikið féll úr fjallinu. Skriðan féll um kl. 15.30 á þriðjudaginn (09.08.). Ólafur sagði að sér vitanlega hefði skriða ekki fallið úr Mosfelli þeim megin sem bær hans stendur. Hann sagði að þar sem skriðan var breiðust hefði hún verið um 50 m og hún hefði tekið með sér tvær girðingar (Mbl. 12.08.).

Heim.: DV: 11.08. Mbl. 12.08.

1984

5. febr. EYJAFJÖLL (Steinajall).

Skriða, grjóthrun.

Kalt veður og frost dagana á undan hruninu.

Mikið bjarghrun varð úr Steinajalli ofan Steinahellis á mörkum Austur- og Vestur-Eyjafalla um kl. 23 þ. 5. Skriðan nær yfir rúmlega eins hektara svæði, en olli ekki tjóni nema á raflínu. Sum björgin eru á stærð við meðal hús. Það var mikil mildi að sumarbústaður, sem er þarna rétt hjá, slapp, og hrunið náði ekki niður á þjóðveginn. Hins vegar skemmdist raflínan og var því rafmagnslaust. Björg og aur dreifðust um grónar brekkur niður undir þjóðveginn og er þetta hrun miklum mun meira en þegar síðast hrundi úr Steinajalli fyrir þremur árum (Mbl. 07.02.).

Heim.: Mbl. 07.02. DV 03.07.

ATH: Ekki hafa fundist upplýsingar um hrunið sem rætt er um í fréttinni.

? maí. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Kletturinn sem við sjáum á þessari mynd féll á vegginn um Óshlíðina fyrir nokkrum dögum (NT. 31.05.).

Heim.: NT. 31.05.

19. júní. ÓSHLÍÐ.

Skriða.

Um 2000 tonna grjótskriða féll úr Óshlíðinni í fyrrakvöld um 40-50 m fyrir ofan við veginn þar sem fjöldi manna frá Ístak h.f. var að störfum (NT. 21.06.).

Heim.: NT. 21.06.

? ág. PATREKSFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Miklar drunur heyrðust og tvö stór björg sáust falla niður hlíðina, rétt utan við hlíðina þar sem snjóflóðið féll úr á síðasta ári. Annar steinninn stöðvaðist þó nokkuð frá byggðinni, en hinn ekki fyrr en um 50 m frá húsunum (NT. 09.08.)

Heim.: NT. 09.08.

9. ág. HERÐUBREIÐ (banaslys).

Grjóthrun.

Tvær þýskar konur slösuðust, önnur alvarlega, þegar grjóthrun varð í fjallinu Herðubreið í gær, en konurnar voru þar á ferð í hópi tuttugu þýskra ferðamanna. Gekk fljótt að bjarga annarri konunni niður af fjallinu, en meiri erfiðleikum var bundið að komast að hinni í klettabeltinu, þar sem atburðurinn átti sér stað (Mbl. 10.08.). Konan sem hét Ingeborg Kai, lést 14. ág. (Mbl. 15.08.).

Heim.: Mbl. 10.08. 15.08.

9.-10. ág. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Úrfelli SV-lands.

Tvær litlar aurskriður félru á þjóðveginn í hlíðum Pyrils í Hvalfirði í fyrrakvöld og gärmorgun. Ekki urðu af því verulegar umferðartafir því stórvirk tæki frá Vegagerð ríkisins voru skammt undan og var rutt af veginum jafnóðum (Mbl. 11.08.).

Heim.: Mbl. 11.08.

23. sept. ÓSHLÍÐ (banaslys).

Grjóthrun.

Aðfaranótt sunnudagsins 23. sept. lést tvítug kona, Svava Þorlaksdóttir, eftir að bifreið sem hún var farþegi í, fór út af Óshlíðarvegi. Ekki er ljóst hvað ölli slysinu en allstórir steinar höfðu fallið á veginn og helst talið að ökumaður bifreiðarinnar hafi misst vald á henni vegna grjótsins. Bifreiðin hrapaði 30 m niður í fjöru. Prennt var í bifreiðinni (Mbl. 23.10.).

Á þeim stað sem bíllinn hrapaði hafði nýlega orðið grjóthrun í hlíðinni og voru stór björg á veginum (DV 24.09.).

Heim.: DV 24.09. Mbl. 23.10.

1985

23. apr. NORÐURÁRDALUR (í Skagafirði), MÁNÁRSKRIÐUR, REYKJASTRÓND.

Skriður.

Þ. 22. og 23. var vestanátt með rigningu um norðan- og vestanvert landið, hlýtt var og leysing í fjöllum.

Töluberðar skemmdir urðu á vegum í Skagafirði vegna aurskriðufalla í gær. Norðurlandsvegur lokaðist nokkurn tíma vegna þessa og ennfremur vegurinn um Mánárskriður og Reykjaströnd. ...Um morguninn féll nokkur aurskriða úr Silfrastaðafjalli á Norðurlandsveg neðan Garðsgils. Við það lokaðist vegurinn fyrir smábíla en var opnaður fljótega aftur. Eftir hádegi fél talsvert aurflóð yfir veginn á sama stað og lokaði honum aftur. Var það um metri á þykkt og 30 m á breidd. Þá féllu aurskriður í Mánárskriðum um morguninn og þeim fylgdi talsvert grjóthrun (Mbl. 24.04.).

Heim.: Mbl. 24.04.

19. ág. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun, skriða.

Snemma morguns þ. 19. féll grjótskriða, 20-30 björg, sum mannhæðarhá, á um 100 m langan kafla á Óshlíðarvegi. Engin umferð var um veginn þegar grjótskriðan fíll og urðu því ekki slys á fólk (Mbl. 20.08.).

Heim.: Mbl. 20.08. 28.08. DV 20.08.

4. okt. SEYÐISFJÖRÐUR (Grýta, Selsstaðir).

Skriða.

Mikil úrkoma á Austfjörðum um þetta leyti.

Stór skriða fíll við bæinn Selsstaði á Seyðisfirði um kl 19 þ. 4. Ekki mátti tæpara standa, að ekki yrðu slys á mönnum. Tveir menn fá Selsstöðum voru að koma frá Seyðisfirði eftir veginum rétt áður en skriðan fíll og rétt á eftir kom annar bíll að skriðunni. Skriðan fíll úr fjallinu Grýtu ofan við bæinn. Fjallið er um 1000 m og upptök voru í 700 til 800 m hæð. Hún fíll alveg niður undir sjó, var um 300 m breið, þar sem breiðast var og um 100 m breið þar sem hún fór yfir veginn. Þykktin var 3 til 4 m á veginum en um 2 m víðast annars staðar. Þá myndaðist stór geil í fjallið við upptök skriðunnar. Skriðan gjöreyðilagði fjárrétt fyrir um 1500 fjár og tók súrhey úr flatgryfju nálægt bænum. Þá braut hún rafmagnsstaur og ennfremur braut hún girðingar og fyllti skurði. Skemmdir á landi voru einnig miklar. Tveir til þrír hektarar ræktaðs lands fóru undir skriðu auk þess mikið annað land. Þá var ekki enn ljóst hvort fé hefði lent í skriðunni (Mbl. 08.10.).

Heim.: Mbl. 08.10.

22. okt. BÍLDUDALUR.

Skriður.

Hlýindi og mikil rigning. Í Dýrafirði hafði ekki verið jafn þurrt í heila öld og sumarið á undan. Þar mældist úrkoma, síðustu 12 daga á undan 400 mm. Sólarhrings úrkoma þar þ. 22. var 150 mm.

...Þ. 22. félle skriður víða á Vestfjörðum, og vegir skemmdust þar. Fimm aurskriður félle úr Bíldudalsfjalli, en ollu ekki skemmdum á mannvirkjum (Veðr. okt.).

...Vegaeftirlitið sagði að skriður hefðu fallið víða á vegi og mjög grafist úr þeim vegna vatnselgs. ...Fimm aurskriður félle úr Bíldudalsfjalli Þ. 22., flestar með litlum aur en tölverðu vatni. Skriðurnar byrjuðu efst í fjallinu, litlar og smá stækkuðu á leið sinni niður. Fóru skriðurnar yfir að minnsta kosti þrjár lóðir og skemmdust þær tölvert mikið. Fólk yfirlagf nokkur hús af ótta við fleiri aurskriður. ...Upp úr kl 13.30 byrjuðu að koma aurskriður úr fjallinu, flestar með litlum aur en tölverðu vatni. Komu um fimm skriður fram að kl. 15. Skriðurnar komu á varnargarð sem byggður var fyrir ofan húsin fyrir nokkrum árum. Varnargarðurinn nær ekki nógu langt fram dalinn og fóru skriður út fyrir hann og þar niður á milli tveggja húsa. Fóru þær yfir að minnsta kosti þrjár lóðir við Dalbraut og skemmdu þær tölvert mikið, og síðan niður í sjó. Engar skemmdir urðu á húsum og fólk var ekki í hættu (Mbl. 23.10.).

...Þetta var mjög seigfljótandi og fór ekki hratt yfir. Skriðurnar komu úr miðri fjallshlíðinni og runnu yfir aðalgötuna (NT 23.10.).

...ein þeirra félill milli húsanna nr. 20 og 22 við Dalbraut, síðan yfir götuna og milli húsanna nr. 19 og 21 við Dalbraut (Björn Jóhann Björnsson 1990).

Nokkrar skriður félle á Ketildalaveg. ...Hreinn Bjarnason, gröfumaður mokaði fjórar skriður af veginum, þar af þrjár við Fífustaði og hreinsaði víðar grjót af veginum. Þessar félle um morguninn. Á bakaleiðinni kom Hreinn að þriggja mannhæða og 10-20 m breiðri skriðu sem lokaði veginum við Auðhrísdal. Skriðan hafði runnið úr fjallinu alveg ofan frá klettum og niður undir sjó (Mbl. 23.10.).

Heim.: Mbl. 23.10. 24.10. DV 23.10. Þvl. 23.10. NT. 23.10. Veðr. okt. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur. Skriðuföll og skriðuvarnir.

ATH: Ekki hefur tekist að finna hvar "víðar" á Vestfjörðum skriður félle.

25. okt. VESTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Vesturhóp), AUSTUR HÚNAVATNS-SÝSLA (Laxárdalur, Svartárdalur, Vatnsdalur, Langidalur), SKAGI (Norðurárdalur), LÁGHEIÐI, MÁNÁRSKRIÐUR, SIGLUFJÖRÐUR, SVARFAÐARDALUR, HÖRGÁRDALUR.

Skriður.

Úrhelliðsrigning ofan í jafnfallinn snjó og urðu miklir vatnavextir með skriðuföllum, vegaskemmdir.

Þ. 25. félle víða skriður á Norðurlandi og lokaðust vegir (Veðr. okt.).

Vesturhóp: ...urðu miklir vatnavextir með skriðuföllum. Bar mest á þeim milli Hóla og Þverár og fyrir ofan Harastaði hljóp fram grasbali til stórra lýta (Húni 8).

A-Hún: Fimm skriður félle í Vatnsdal austanverðum og lokaðist vegurinn um tíma af þeim sökum. Í Hvammi í Vatnsdal hljóp fram malarskriða úr gilinu fyrir ofan bæinn og rann beggja megin við vélargeymslu skammt fyrir sunnan íbúðarhúsið. Sennilega bjargaði það íbúðarhúsinu að gerður var varnargarður fyrir ofan húsið fyrir nokkrum árum. Í Langadal félle nokkrar skriður en stærstar voru þær sem félle við Miðgil og Geitaskarð. Á Geitaskarði hljóp fram um 100 m

jarðvegsfylling og geystist niður fjallið. Á leið sinni fyllti framhlaupið þrjá skurði, tók með sér girðingu og fór yfir þrjár túnspildur. Í fjallinu beint fyrir ofan Hvamm í Langadal skreið jarðvegsfyllan einnig af stað en einhverra hluta vegna stöðvaðist skriðan fljótlega. Má það teljast mildi því að öllum líkendum hefði skriðan lent beint á íbúðarhúsini. Skriður féllu yfir veginn á milli Bergstaða og Eiríksstaða í Svartárdal, enn fremur féll skriða á veginn skammt utan við bæinn Pverá í Norðurárdal (syðst á Skaga) (Mbl. 30.10.)

Mikil úrkoma með hlýindum gekk yfir A-Hún.þ. 25., og leysti snjó, er nýfallinn var á fjöll, mjög ört. Afleiðingar þessa urðu skriðuföll í fjallshlíðum a.m.k. Laxárdals, Svartárdals, Vatnsdals og þó mest Langadals, þar sem skriðurnar eru margar. Fór ein þeirra yfir túnspildu á Geitaskarði og fyllti þrjá framræsluskurði á leið sinni, áður en hún stöðvaðist nokkuð ofan þjóðvegarins. Annar skaði á mannvirkjum mun ekki hafa orðið á mannvirkjum svo teljandi sé (Húnavaka 26).

Siglufjörður: Þá féllu nokkrar aurskriður úr fjallinu ofan við bæinn en varnargarðar stöðvuðu þær að mestu. 5-6 m há aurskriða féll á veginn við Sauðanes. Veghefill var á veginum og náði skriðan upp á glugga veghefilsins (Dagur 28.10.).

Miklar aurskriður félundu á veginn bæði austan og vestan við Strákagöng og lokaðist vegurinn af þeim sökum (Mbl. 27.10.).

Skriða félundu á Vatnsdalsveg við Másstaði (A-Hún.) og lokaði honum. Skriður félundu einnig á Lágheiði og er hún nú ófær. Þá féllu aurskriður á Siglufjarðarveg, bæði við Strákagöng og í Mánárskriðum. Þrátt fyrir það var hægt að aka um veginn þar sem þessar skriður voru ekki mjög stórar (Mbl. 26.10.).

Svarfaðardalur: Einhverjar aurskriður félundu en ollu ekki umtalsverðum skemmdum (Dagur 28.10.).

Margar skriður félundu frammi í Hörgárdal, sérstaklega Myrkárdal (10-20 stk.). Ein félund framan við Sörlatungu (Munnlegar upplýsingar frá Bjarna Guðleifssyni, Möðruvöllum í Hörgárdal, - gögn H.G.P.)

Heim.: Mbl. 26.10. 27.10. 29.10. 30.10. Dagur 28.10. DV 28.10. Veðr. okt. Húni 8, Húnavaka 26. Gögn H.G.P.

1986

18. febr. EYJAFJÖLL (Núpur).

Skriða, grjóthrun.

Sérstök veðurbliða hefur verið hér það sem af er vetri. ...Vegna mikilla rigninga á milli hefur verið óvenju mikið um skriðuföll úr fjöllunum. Til dæmis félund skriða við bæinn Núp og hrundi stórgrýti að fjósi og íbúðarhúsum (Mbl. 19.02).

Stórir steinar og björg eru nú í kringum bæina að Núpi eftir að grjótskriða félund úr fjalli. Guðmundur Guðmundsson bóndi að Núpi var að mjólnka þegar hann heyrði miklar drunur og jörðin nötraði og fjósið skalf. Þegar út kom blasti við stærðar grjót um metra frá fjósinu. Á nágrannabænum stöðvaðist stærðar bjarg við rakstrarvél bónadans. Guðmundur sagði að algengt væri að steinar brotnuðu úr bergeninu, og það væri með ólíkindum að aldrei hefði orðið tjón af þessu grjóthruni. Guðjón Jónsson bóndi að Núpi, sagði að sér hefði brugðið í vetur þegar sonur hans varð næstum fyrir steini sem kom fljúgandi rétt við skemmuvegginn (Mbl. 21.02.)

Heim.: Mbl. 19.02. 21.02. Veðr. febr.

10. mars. EYJAFJÖLL (Steinafjall).

Skriða.

Miklar rigningar á Suðurlandi

Skriða féll niður Steinafjall hjá Steinahelli um kl 9 þ. 10. Að því er best verður séð er hér um að ræða hrún úr skriðunni sem féll 1979 og aftur 1984. Lækur sem kemur niður hlíðina á þessum stað í vatnavöxtum hefur komið skriðunni af stað og komist þannig í sinn gamla farveg. Skriðan sem var um 2 m á þykkt og 50 m breið lokaði veginum. Stór björg hrundu niður hlíðina milli staura í rafmagnslínunni, en rufu hana ekki. Vegurinn er alls ekki öruggur því lækurinn og rigningin geta komið skriðunni aftur af stað (Mbl. 11.03.).

50 m breið aur og grjótskriða (Tím. 11.03.).

Sk. munnlegum upplýsingum frá Árna Hjartarsyni, Reykjavík, sem m.a. kom að skriðunni, virtist honum þarna vera hrún á ferðinni, ekki bara lækur sem væri að hreinsa út farveg sinn (Gögn H.G.P.).

Heim.: Mbl. 11.03. DV 11.03. Tím. 11.03. Veðr. mars. Gögn H.G.P.

ATH: Ekki hefur tekist að finna upplýsingar um skriðuna sem fóll 1979.

19. maí. SIGLUFJÖRÐUR (Við Strákagöng).

Grjóthrun.

Norðanátt, rigning og slydda.

Bifreið á leið til Siglufjarðar varð fyrir grjóthruni vestan við Strák. Grjótið lenti á hægri framhurð og er hún ónýt. Engin slys urðu á mönnum. Kannað var hvort frekari hætta væri á grjóthruni við göngin og eins við Mánárskriður, eins og oft vill verða í leysingum um þetta leyti árs, en reyndist ekki vera (Mbl. 21.05.).

Heim.: Mbl. 21.05.

22. maí. ÓLAFSFJARÐARMÚLI, MÁNÁRSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Rigningar, leysing.

Í Ólafsfjarðarmúla varð mikið grjóthrun aðfaranótt 22. Vegurinn varð nær ófær vegna grjóthruns.

Úr Mánárskriðum varð mikið grjóthrun (Dagur 23.05.).

Heim.: Dagur 23.05.

10. des. HRAFNKELSDALUR.

Skriður.

Hlýindi og mikil úrkoma eftir kulda og snjókomu.

Heimilisfólk á Aðalbóli í Hrafnkelsdal flúði hús eftir að nokkrar aurskriður höfðu fallið úr fjalllinu Fjallkolli. Aurskriðurnar komu úr lækjum fyrir ofan bæinn sem hafa verið að fyllast af snjó undanfarna daga. Þegar tók að rigna og vatn jókst í þeim, brustu allar stíflur og aur og krap skreið fram. Ein skriðanna hreif með sér traktor, baggavél, mágavél og heyþyrlu. Önnur lenti á hlöðunni fyrir ofan bæinn og braut gat á útvegg. Skriðan bar aur inn í hlöðuna. "Það er eins og hver einasti lækur í dalnum hafi skvett úr sér, aurspýjurnar liggja niður eftir öllum hlíðum og yfir veginn á nokkrum stöðum". Á bænum Vaðbrekku sem er utar í Hrafnkelsdal

féll aurskriða sem stöðvaðist nokkra metra fyrir ofan bæinn en olli engum skemmdum. Ábúendur sögðu að sér vitanlega hefðu slík skriðuföll ekki orðið í Hrafnkelsdal (Mbl. 12.12.).

Heim.: Mbl. 12.12. Veðr. des.

ATH: Sennilega voru þetta krapahlaup

1987

24.-25. jan. ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Grjóthrun.

Hlýindi og rok.

Mikið hrún var úr Ólafsfjarðarmúla um helgina, eins og ætíð í hlýindum og roki. Engin óhöpp urðu, en samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er full ástæða fyrir vegfarendur að huga að aðstæðum þarna þessa dagana (Mbl. 28.01.).

Heim.: Mbl. 28.01.

4. apr. HAFNARFJALL.

Grjóthrun.

Piltur sem var á gangi í Hafnarfjalli með foreldrum sínum, höfuðkúpubrotnaði þegar hann fékk stein í höfuðið, við grjóthrun sem varð í fjallinu (Mbl. 07.04.).

Heim.: Mbl. 07.04.

21-23. maí. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð).

Skriður.

Óvenju hlýtt og miklar leysingar, ekki rigningar.

Milli átta og tíu aurskriður hafa fallið úr Eyrarhlíðinni í vorleysingum síðustu daga og meðal annars lokað Hnífsdalsveginum á tveimur stöðum um tíma. Fjöldi fólks fylgdist með því um miðjan dag í gær þegar aurskriða féll frá Gleiðahalla í átt að gamla dagheimilinu við Hjallaveg. Skriðan féll um 100 m fyrir ofan 160 dagheimilins og olli engum skemmdum. Stærstu aurskriðurnar féllu rétt fyrir utan byggðina við Hnífsdalsveg. Fóru þær á þremur stöðum milli fiskhjalla sem þar eru, án þess að valda skaða. Vegagerðinni tókst að opna veginn eftir skamma stund (Mbl. 23.05.).

Stærstu aurskriðurnar féllu yfir Hnífsdalsveg rétt utan við bæinn og rifu með sér lítinn kofa, slitu símastreng og skemmdu lítils háttar tvo fiskhjalla sem þar eru. Þar sem mesta hlaupið varð féllu minnsta kosti fjórar skriður á sama stað á um einum sólarhring, þrjár voru þó stærstar og féllu alveg fram í sjó. Sú síðasta stöðvaðist við vegarbrúnina (Bæjarins besta 27.05.).

Aurskriður féllu fjórum sinnum úr sama gilinu undir Gleiðahalla í Eyrarfjalli á einum sólarhring 22. og 23. maí (Mbl. 04.06.).

Heim.: Mbl. 23.05 04.06. Vestfirska fréttablaðið 27.05. Bæjarins besta 27.05. Veðr. maí.

25. maí. BÚRFELL, SELSUNDSFJALL, EYJAFJÖLL, VESTMANNAEYJAR, HAFRAFELL, VATNAFJÖLL.

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Kl. 11.31 þ. 25. maí varð jarðskjálfti af stærðinni 5.8 á Richter í Vatnafjöllum. Nokkurt hrún varð úr Búrfellsfjalli, Selsundsfjalli og úr Eyjafjöllum og féll m.a. grjót á hringveginn undir Eyjafjöllum (Pvl. 26.05.).

Eyjafjöll: Með fjöllunum hefði verið mikið grjóthrun og rykmökkur staðið upp frá Hrafnagili sem benti til verulegs grjóthrunar þar. ...Íbúar höfðu tilkynnt að skriður hefðu fallið, en þær reyndust smáar (Mbl. 26.05.).

Stórt bjarg hefði hrunið úr bergeninu rétt austan við Steinahelli en ekki náð að fara út á veginn og lægi það í hlíðinni fyrir neðan (DV 26.05.).

Við Steina-bæina undir Eyjafjöllum hrundi mikið grjót úr hömrum (Tím. 26.05.).

Vestmannaeyjar: Steinar hrundu úr Klifinu og urðu smávægilegar skemmdir á girðingu af þeim sökum (Mbl. 26.05.). Einnig er áliðið að það hafi hrunið úr Klifinu að norðanverðu, en þar fellur hlíðin í sjó fram (DV 27.05.).

Hafrafell: Úr suðurbrún fjallsins hafði hrunið talsvert grjót og lá nokkur grjótdreif um hlíðina og yfir veginn.

Vatnafjöll: A hvössum kambi sem gengur upp í suðvesturhlíðina var mikið umrót. Steinar og björg höfðu losnað frá klettum og finna mátti steina sem höfðu oltið í litlum halla. (Skjálftabréf 65)

Heim.: Mbl. 26.05. Pvl. 26.05. DV 26.05. 27.05 Tím 26.05. Skjálftabréf 65.

ATH: Snjóflóð féllu t.d. úr hlíðum Heklu við skjálftann.

? . maí VATNSSKARD (Vatnshlíð).

Skriða.

Í lok maí féll jarðskriða nálægt bænum Vatnshlíð á Vatnsskarði, Austur Húnnavatnssýslu. Bærinn í Vatnshlíð stendur á gróinni aurkeilu neðan við stórt gil. Jarðskriðan sem féll er u.p.b. vestan við bæinn, um 10-20 m breið og um 50 m löng. Dýpi skriðunnar er um 1-2 m efst og hlaup hafði orðið á leirkenndu mólagi. Heillegar jarðvegstorfur höfðu ruðst niður hallann og upp á bakkana í kring. Öll aurkeilan er á hreyfingu og er orsök skriðunnar sennilega að leita í því.

Heim.: Bréf Veðurstofu Íslands, ritað af Óskari Knudsen 7. júní 1988, til Almannavarna Ríkisins.

10. sept. ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Skriður, grjóthrun.

Norðan kaldi og úrkoma.

Tvær aurskriður féllu á veginn síðdegis í gær og lokaðist hann í rúma klukkustund. Töluverð úrkoma var í gær og auk aurskriðanna féll mikið af grjóti á veginn, eins og alltaf í slíku veðri. ...Stærri aurskriðan féll úr Tófugjá og á veginn rétt fyrir ofan staðinn þar sem muninn verður Dalvíkur megin í fyrirhuguðum jarðgöngum. Hin skriðan féll í Hámúlanum, í svokölluðu Flagi, og þar í kring féll mikið af stóru og smáu grjóti á veginn (Mbl. 11.09.).

Heim.: Mbl. 11.09. Dagur 11.09.

3. okt. SNÆFELLSNES (Fróðármúli), VESTFIRÐIR (Suðurfirðir), BARÐA-STRÖND.

Skriður.

Hvöss sunnanátt og gífurlegt vatnsveður, flóð og vegaskemmdir.

Ummerki í Fróðárgljúfrum sýna hærra flóðmark en sést hefur a.m.k. síðustu 15 árin. Þá hafa stórar jarðtorfur hrunið á fimm stöðum úr hlíðum Fróðármúla (Mbl. 06.10.).

Víða hefur runnið úr vegum á Suðurfjörðunum og smáskriður fallið á þá (DV 05.10.).

Barðaströnd: Ein skriða féll fyrir ofan Múlabæina og stöðvaðist hún á veginum. Skriðan var á annan metra á þykkt þar sem hún var þykkust á veginum (Mbl. 13.10.).

Heim.: DV 05.10. Mbl. 06.10. 08.10. 13.10.

6. des. ÓSHLÍÐ.

Skriða.

Hlýtt veður, leysing.

Mikil grjótskriða féll á Óshlíðarveg á sjöunda tímanum á sunnudagskvöld, þar sem vegurinn liggar neðan við svokallaða Kálfadalsbakka. Skriðan þakti um 20-30 m kafla vegarins og lokaðist hann í rúman klukkutíma. Á þessum stað á Óshlíð hefur aldrei fallið grjót eða skriða því þarna er grasi gróinn dalur ofan við 30-40 m hátt klettabelti (Mbl. 08.12.).

Grjótið kom úr hlíðinni þar sem starfmenn vegagerðarinnar höfðu að undanförnu unnið við að sprengja. Það sem í raun og veru gerðist var það að rás, sem grafin hafði verið fyrir innan veginn til að taka á móti grjóti úr hlíðinni var orðin full eftir síðustu sprengingar. Hlíðin var laus í sér eftir sprengingarnar og þegar hlýnaði á sunnudag og vatn fór að seytla um glufur og gil, rann skriðan af stað og alla leið út á veginn þar eð áðurnefnd rás var full (Bæjarins besta 09.12.).

Heim.: DV 07.12. Mbl. 08.12. Bæjarins besta 09.12.

1988

24. mars. KAMBASKRIÐUR.

Skriður, grjóthrun.

Mikið úrfelli hafði verið á Austfjörðum.

Vegurinn á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur lokaðist um kvöldmatarleytið í gærkvöldi vegna aurskriða og grjótflugs í svokölluðum Kambaskriðum (Mbl. 25.03.).

Heim.: Mbl. 23.03.

ATH: Kambaskriður sama og Kambanesskriður ?

? maí. GILSFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Nú fyrir skömmu var Kristján Jóhannsson bílstjóri að sækja hingað mjólk. Þegar hann kom að Mávadalsá í Gilsfirði var stór steinn á veginum, sem lokaði allri umferð. Þessi steinn mun hafa verið um eitt tonn á þyngd. Nú eru mjólkurbílstjórar vanir að hjálpa sér sjálfir og setti Kristján band á steininn og ætlaði að draga hann burtu á bílum. Sem Kristján var að bjástra við steininn heyrði hann skruðning og í sama bili kom allstór steinn skoppandi og lenti á steininum sem Kristján var að koma böndum á (Mbl. 04.05.).

Heim.: Mbl. 04.05.

22. maí. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Um kl. 21 sunnudaginn 22. maí í þurru og góðu veðri, hrundi grjót á bifreið á Óshlíðarvegi. Hjón voru í bílum og sluppu ómeidd. ..."Við vorum rétt ókomin að krossinum er óhappið varð. Þetta gerðist eldsnöggt, grjóthrunið kom yfir bílinn áður en við vissum af. Það kom stór steinn framan á hornið á bílum, á stuðaranum. Það var ansi mikið högg því bílinn kastaðist til við það. Þá í sömu andránni dundi óskapleg grjóthríð á þaki bílsins, með hávaða og látum. Það dembdist yfir allan bílinn. Þetta var alveg heilmikið."

Heim.: DV 24.05. Bæjarins besta 25.05. Tím. 25.05. Mbl. 25.05. Vestfírska fréttablaðið 26.05.

2. júní. VESTMANNAEYJAR (Heimaklettur).

Grjóthrun.

Mikið grjóthrun varð úr norðurhluta Heimakletts um hádegisleytið í gær. Pétur Jónsson flugmaður tók eftir því úr fjögurra mílna fjarlægð þar sem hann var á leið til Eyja. Hann sagði að hrunið hefði staðið yfir í 1-2 mínútur. Það hefði komið úr gili efst úr klettum og miklar brimsúlur hefðu gengið upp úr sjónum, sem var spgilsléttur áður. Sjóinn bullaði og kraumaði á um 70 m belti undir klettinum, og hann var kolbrúnn á stóru svæði eftir hrunið (Mbl. 03.06.).

Heim.: Mbl. 03.06.

25. júní. SEYÐISFJÖRÐUR (Bjólfur).

Skriða.

Miklir hitar og mikil leysing í fjöllum.

Aurskiða féll úr Bjólfum þ. 25. milli kl. 17 og 18. Skriðan átti upptök sín mjög ofarlega í fjallinu og rann niður svokallað Jókugil, alveg niður á tún innan við bæinn og kom niður við hliðina á gömlum fjárhúsum sem þar standa, skammt fyrir ofan kirkjugarðinn. Hitinn fór upp í 29 stig þennan dag og því miklar leysingar í fjöllunum og mun það trúlega vera orsókin fyrir að þessi skriða fór af stað (Mbl. 28.06.).

Heim.: Mbl. 28.06.

26. júlí. ÓLAFSFJARÐARMÚLI, MÁNÁRSKRIÐUR, STRANDIR.

Grjóthrun, skriður.

Norðanátt og miklar rigningar.

Ólafsfjarðarmúli er enn lokaður og verður þar til upp styttir, en honum var lokað þegar grjóthnullungar félleu í stórum stíl niður á veginn þ. 26.

Vatnavextir hafa verið miklir á Norðurlandi að undanförfnu og var veginum til

Siglufjarðar lokað um tíma vegna grjóthruns og einnig félleu á hann aurskriður.

...Vegurinn um Mánárskriður er illa farinn sem og aðrir vegir á leið til Siglufjarðar, en grjót og aurskriður félleu á vegi í nágrenni bæjarins (Dagur 28.07.).

Skriða fór yfir veginn að Sauðanesvita við Siglufjörð um kl. 18.30 þ. 26. og myndaði 40 til 50 m breitt skarð í veginn. Um svipað leyti lokaði skriða veginum rétt fyrir utan Siglufjarðarbæ (Mbl. 27.07.).

Á veginn norður Strandir, norðan Bjarnarfjarðar, féll einnig aurskriða (DV 27.07.).

Heim.: DV 27.07. Mbl. 27.07. 28.07. Dagur 27.07. 28.07.

8. ág. ESKIFJÖRÐUR.

Skriða.

Á árunum 1988 til 1990 var unnið að lagningu nýs vegar að Oddskarði ofan við Eskifjarðarkaupstað. Þarna var m.a. komið fyrir fyllingum, en ein þeirra olli aurflóði er rann rúmlega 100 m niður hlíðina, og stöðvaðist 200-300 m ofan við húsin við Svínaskálarhlíð.

Heim.: Jón Gunnar Egilsson 1990: Snjóflóð á Eskifirði, Skriðuannáll.

27.-28. ág. ÓLAFSFJÖRÐUR, ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Skriður.

Djúp lægð var vestur af Skotlandi þ. 27. og hreyfðist norðnorðaustur. Þann dag og þann 28. var norðan hvassviðri og úrhellisrigning við norðurströndina og á Austfjörðum, en langmest mældist úrkoma á norðanverðum Tröllaskaga (Veðr. ág.).

Vætusamt hafði verið á Ólafsfirði allt það sumar. Þó keyrði fyrst um þverbak helgina 27. til 31. ágúst en þá rigndi á Kálfsárkoti í Ólafsfirði um 287 mm. Skýfall var á þróngu belti frá Upsastönd og Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð og þaðan til norðurs um fjallendið í innanverðum Fljótum og inn af Héðinsfirði og Siglufirði. Skriðuföll og grjóthrun urðu á öllu þessu svæði, en þó mest í Ólafsfirði og sérstaklega í fjallinu ofan við Ólafsfjarðarbæ. Á því svæði rigndi líka mest og óopinberar tölur hljóða upp á að 1000 mm fat hafi fyllst á 48 tínum. Annars staðar á Miðnorðurlandi rigndi mikið.

Fyrst lokast Ólafsfjarðarmúli á laugardegi (27.08.). Í byrjun er sennilega um grjóthrun að ræða. Fyrsta skriðan ofan við Ólafsfjarðarbæ fíll um kl. 11.30 á sunnudag (28.08.), og fjöldi af smáskriðum fíll síðdegis. Vel fyrir kl. 15.30 hafa fallið skriður á Skeggjabrekkudal, því almannanefnd er í viðbragðsstöðu þegar stór aurskriða fellur á bæinn um kl. 15.30. Um svipað leyti fellur grjótskriða eftir Brimnesá og lendir bíll í henni. Auk þess fellur stór skriða úr Kúhagagili á athafnasvæði Krafttaks í Ólafsfjarðarmúla. Um kl. 18.45 fellur önnur stór skriða á bæinn. Á þessum tíma hafa fallið skriður um allan Ólafsfjörð inn undir Kvíabekk, í Ólafsfjarðarmúla, á Upsaströnd og á Karlsárdal, miðhluta Fljóta og fremst í

Siglufirði. Auk þess fíll skriða úr gili í Dalsmynni, austan Eyjafjarðar. Á sunnudagskvöld stytти upp að mestu og engar skriður fíllu á mánudag (29.08.). Á þriðjudag (30.08.) tók aftur að rigna og fíllu um nóttina nokkrar smáskriður ofan við Ólafsfjarðarbæ. Á fimmtudag (01.09.) stytти svo endanlega upp. Grjóthrun var í Ólafsfjarðarmúla næstu helgi á eftir (03.-04.09.), og eitthvað rigndi.

Margar aurskriður fíllu í fjallinu ofan við Ólafsfjarðarbæ, en aðeins tvær þeirra fíllu niður í íbúðabyggðina. Þeirri fyrri er lýst svo: "Við sáum skriðuna steypast niður hlíðina og líktist helst öldugangi í stórsjó og virtist falla fremur hægt. Okkur sýndist skriðan vera um 80 m breið og 6 til 8 m há" (Mbl. 30.08.).

Seinni skriðunni er lýst þannig. "Ég var uppi á efri hæð hússins þegar ég sá síðari skriðuna hefja ferð niður fjallið. Vatnsflaumurinn var svo mikill að það var eins og stór alda væri að koma niður fjallið og svo skall vatnið og drullan yfir húsin" (DV 05.09.).

Um sama leyti og fyrsta skriðan fíll, fíll grjótskriða úr gili Brimnesá og eru lýsingar þeirra sem voru í bíl er lenti í henni svo: "Skriðan hreif okkur með sér og stórgryti var allt umleikis bílinn. Ég er viss um að björgin sem ég sá bæði fyrir framan og aftan bílinn voru ekki undir tonni að þyngd. Risastórt bjarg var við framhurðina bílstjóramegin og barðist það við bílinn allan þann tíma er við bárumst með skriðunni. Bíllinn var allan tímann á réttum kili og barst undurhægt með skriðunni. Hann hentist til og skoppaði eins og lítill leikfangabíll í miðri skriðunni. Mönnum sýndist að bíllinn hefði borist um 30-40 m með skriðunni" (Tím. 30.08.).

Þessar þrjár skriður eru af tveimur gerðum. Annars vegar eru aurskriðurnar sem fíllu á bæinn. Þær áttu sér báðar upptök í brún á breiðum hjalla í miðri Tindaöxl. Úr fjallsegginni fíll fjöldinn allur af lithum grjótskriðum niður á hjallann. Óhemju hefur rígt í fjallsöxlina og sú úrkoma flætt niður hlíðina og niður í jarðvegsblandaða urðina á hjallanum. Allir lækir eru fullir og óhemju straumur grunnvatns í urðinni utan á hjallanum. Utan í hjallabréuninni um einhverskonar veikleika e.t.v. við uppsrettusvæði eða rifu í jarðvegsþekju, rifnar vatnsósa urðin og vænt stykki úr hlíðinni rennur niður hlíðina og niður í hallandi myri neðan við. Jarðvegur þar er vatnsósa og gusast af stað við að skriðan fellur á hann. Jarðvegurinn rennur sem leðja niður hlíðina og á bæinn (Björn Jóhann Björnsson 1988).

Hins vegar er það grjótskriðan sem tók bílinn við Brimnesána. Skriður hafa sennilega fallið niður í farveg Brimnesá og vatnsflaumurinn í ánni borið skriðuna af stað niður eftir farveginum. Allt stórgrytið sem var í farveginum barst af stað og út á aurkeiluna. Gilið hreinsaði sig.

Samskonar aurskriður fíllu á Ólafsfjarðarbæ 16. júní 1962 og sjást örín eftir þær enn. Skriðuörin frá 1988, mynda um 150 m. breitt sár í hlíðina ofan við Ólafsfjarðarbæ auk fjölda skriðna um allan fjörð. Í Ólafsfjarðarmúla voru þetta ekki stærstu skriðuföll í sögu vegarins þar. Sumarið 1983 fíllu þar mun fleiri skriður. (H.G.P.).

Vegurinn um Ólafsfjarðarmúla lokaðist á laugardeginum 27. ág. (DV 29.08.).

Það byrjaði að rigna á laugardag (27.08.) en ekki var um hættuástand að ræða fyrir en á sunnudagsmorgun (28.08.). Almannavarnanefnd var kölluð saman og var á fundi þegar fyrri skriðan fíll kl. 15.30. Þá var björgunarsveitin komin af stað til þess að hjálpa fólk i að dæla vatni úr kjöllurum sínum. Nokkrir bílar lento í fyrri skriðunni og tveir bárust með henni af efstu götunni niður á þá næstu. Þrennt var í öðrum bílum. Seinni skriðan fíll um kl 18.45 en auk þess voru að falla skriður allan daginn (Dagur 30.08.).

Bjarni Grímsson bæjarstjóri: ...þegar stóru skriðurnar fíllu úr Tindaöxl, vorum við á fundi almannavarnanefndar á bæjarskrifstofunni. Við sáum hana falla (sú fyrri). ...Það var farið að flæða í kjallara húsa og vatnið orðið mjög hátt og einnig skriður búnar að falla á Skeggjabrekkuðal og Garðsáin kolmórauð. Þá var vegurinn fyrir Múlann lokaður og vegurinn fram í sveit við það að fara í sundur (Dagur 07.09.). Aðfaranótt laugardags fór að rigna fyrir alvöru á Ólafsfirði. Flæddi þá þegar inn í nokkur hús. Rigndi allan laugardaginn og jókst vatnsveðrið mikið aðfaranótt sunnudags. Lækir í hlíðum uxu mikið og báru með sér aur og grjót. Einnig safnaðist gífurlega mikið vatn í hlíðinni fyrir ofan bæinn (Mbl. 30.08.).

Fyrsta aurskriðan sem vitað er um féll kl. 11.30 á sunnudag (28.08.). Hún náði ekki niður að húsunum. Síðdegis fíll fjöldi smáskriðna, en kl. 15.30 fíll stærsta skriðan á tvö hús við Hlíðarveg. Í leiðinni hreif hún með sér two bíla. Var þrennt í öðrum. Hinn bíllinn var mannlaus og er hann talinn ónýtur. "Það er hreint ótrúlegt að enginn skildi slasast í skriðunum, því t.d. voru ungabörn úti í vögnum örfáum mínútum áður en skriðan fíll." Skriðan var um 80 m á breidd og um 6 m há. Hún fíll niður alla hlíðina, og endaði í Fjörunni, aðalgötu bæjarins. Flæddi tjörnin yfir bakka sína og fóru götur í elsta hluta bæjarins á flot. Almannavarnanefnd hófst þegar handa við að rýma þau fimmtíu hús sem standa efst í brekkunni fyrir ofan aðalgötuna (Mbl. 30.08.).

...Hanna Maronsdóttir og Nanna Árnadóttir: Við sáu skriðuna steypast niður hlíðina og líktist helst öldugangi í stórsjó og virtist falla fremur hægt. Okkur sýndist skriðan vera um 80 m breið og 6 til 8 m há. Þær, ásamt öðrum, voru inni í öðru tveggja húsanna sem skriðan fíll á, er drunur heyrðust og hávaðinn varð ærandi. "Maðurinn minn hélt að húsið myndi fara í skriðunni en hún splundraðist á vegi fyrir ofan það og lenti á milli húsa." Skriðan fór hjá um leið og við komum út á tröppur. Aurinn slettist yfir húsið og til hlíðar (Mbl. 30.08.).

Seinni skriðan, sem náði niður að húsunum, fíll kl. 18.45 við hlíð þeirrar fyrri. Samtals mynda þær um 150 m breitt sár (Mbl. 30.08.).

Á sunnudagskvöld (28.08.) stytти upp að mestu. Engar skriður fíllu í gærdag (29.08.) (Mbl. 30.08.).

Jón Halldórsson, Hornbrekkuvegi 7: ...Ég var uppi á efri hæð hússins þegar ég sá síðari skriðuna hefja ferð niður fjallið. Vatnsflaumurinn var svo mikill að það var eins og stór alda væri að koma niður fjallið og svo skall vatnið og drullan yfir húsin hér fyrir ofan Hlíðarveg og hélt síðan áfram hingað niður eftir og hér var allt á floti (DV 05.09.).

Þá fíll grjótskriða úr Gvendareskál í Ólafsfjarðarmúla á pallbíl sem þrennt var í. Einnig fór skriða yfir athafnasvæði Krafttaks og er 60 tonna ýta nú á kafi í aur. Skriður fíllu í hverju gili hinumegin í firðinum. Komst aur í vatnsból annarrar tveggja hitaveitna í firðinum. Skriður fíllu einnig á flugvölliinn, hesthús, golfvöll og tún á bæjum innar í sveitinni svo fátt eitt sé nefnt. Á sunnudagskvöld stytти upp að mestu. Var þegar hafist handa við að dæla vatni og aur út úr húsum og af götum (Mbl. 30.08.).

Golfvöllur Olafsfjarðar á Skeggjabrekku varð fyrir gríðarlegu tjóni í skriðu sem fíll á völlinn úr fjallinu Kotshyrnu. Skriðan flutti með sér mikið af grjóti og drullu og eyðilagði eina braut og stórkemmdi tvær (Dagur 14.09.).

Engar tölur voru um hve margar skriður fíllu, en auk þess höfðu lækir hlaupið fram og boríð mikinn aur með sér. ...um 60 íbúðir voru rýmdar. Það stóðst á endum að rétt þegar búið var að rýma húsin fíll seinni skriðan. Það voru einkum tvö hús við Hlíðarveg sem verst urðu úti í bænum, en þar braut aurinn sér leið inn í kjallara húsanna í gegnum hurð og glugga. Í öðru húsinu stoppaði aurinn í þvottahúsinu, en í hinu hélt aurinn áfram gegnum þvottahúsið, fram í bílskúrinn

og út um bílskúrshurðina. Sjónarvottar segja að vatnsaldan, þegar hún skall á húsunum hafi verið um 6 m há, að vísu er það mest vatn, en síðan fylgir drulluflaumurinn á eftir. Um 1 m þykkt lag af aur var á Hornbrekkuvegi, en á láglendinu í bænum var hnédjúp drulla um allan bæ, einkum á Ólafsvegi, Vesturgötu, Kirkjuvegi og Strandgötu. Mesti vatnsflaumurinn í bænum og þar sem flæddi inn í hús, var í elsta hverfi bæjarins við Vesturgötu og Ægisgötu. Það fór skriða á golfvöllinn og einnig féllu skriður við flugbrautina. Þær voru ekki minni en þær sem féllu á bæinn. Hesthús sem þar eru sluppu alveg (Tím. 30.08.). Svo virðist sem grjótskriða sem tók bifreið við útsýnisplan hafi fallið um leið og stór skriða féll á bæinn (sú fyrri). Bílinn er sennilega ónýtur. "Hávaðinn og drunurnar voru ólysanlegar og einna líkast að þota væri rétt fyrir ofan í fullri inngjöf. Skriðan hreif okkur með sér og stórgreyti var allt umleikis bílinn. Ég er viss um að björgin sem ég sá bæði fyrir framan og aftan bílinn voru ekki undir tonni að þyngd. Risastórt bjarg var við framhurðina bílstjóramegin og barðist það við bílinn allan þann tíma er við bárumst með skriðunni. Bílinn var allan tímann á réttum kili og barst undurhægt með skriðunni. Hann hentist til og skoppaði eins og líttill leikfangabíll í miðri skriðunni. Mönnum sýndist að bílinn hefði borist um 30-40 m með skriðunni." (Tím. 30.08.).

Yfir 70 íbúðarhús hafa verið yfirgefin með hátt í 200 íbúa. ... var allt að 30 cm djúpt vatn á götum bæjarins því öll niðurföll lokaðust og ekki bætti það úr skák að stórstraumsflæði var á sama tíma (Pvl. 30.08.).

Ljóst er að margar skriður hafa fallið á veginn í Ólafsfjarðarmúla. Ekki hefur verið hægt að kanna verksummerki vegna mikillar skriðuhættu í Múlanum (DV 30.08.).

Fylkir Ólafsson fór fótgangandi fyrir Múlann á mánudag (29.08.). Hann var staddir á Akureyri og fór með bíl að svonefndri Tófugjá og gekk þaðan til Ólafsfjarðar. Hann sá að vegurinn var horfinn á 50-60 m löngum kafla í Ofærugjá og á alllöngum kafla við fyrirhugaðan gangamunna. Varð hann að klifra nokkuð upp í fjallið til að komast leiðar sinnar. Ljóst er að þjár stórar skriður féllu á veginn Dalvíkurmegin. 10 til 15 skriður féllu yfir veginn og fram af honum út í sjó Ólafsfjarðarmegin, auk margra tuga af smáskriðum sem stöðvuðust á veginum. Hann taldi ekki ólíklegt að 70 til 80 skriður hefðu fallið á veginn en erfitt er að segja til um fjölda (Dagur 31.08.).

Valdimar Steingrímsson vegaeftirlitsmaður: "Mesta skemmdin var í Bríkargili, þar var allur vegurinn farinn þannig að það sá í beran símastrenginn sem flytur símann í kaupstaðinn. Þetta er það erfiðasta að fást við, svona fljótt á litið. Það eru margar skriður sem hafa fallið á veginn, sumar stórar, en það er auðveldara að fást við þær. Vegurinn er þarna undir og það er bara að ryðja skriðunum burtu. Það eru víða skörð í veginn þar sem skriðurnar fóru. Dalvíkurmegin er þetta skárra, það fóru flestar skriðurnar hérna megin. ...Gilan eru fyrst og fremst leiðarar fyrir þessi ósköp. Síðan komu nú skriður nær kaupstaðnum en maður á að venjast. Ég segi það ekki að maður hafi ekki séð skriðutauma þar áður, en ekki neitt í líkingu við það sem var næst bænum, fyrir ofan Brimnes. Við höfum aldrei séð neitt þessu líkt, eins og þar, aldrei nokkurn tíma síðan vegurinn var byggður. ...Það var sumarið 1983 sem það féllu miklu fleiri skriður (Ólafsfjarðarmúli), það var mun meira magn" (Dagur 08.09.).

Tvær skriður féllu á tún hjá bænum Hólkoti og einnig hjá Þorfinnsstöðum. Þá er vegurinn að Kleifum, þar sem búa þjár fjölskyldur, í sundur og bæirnir einangraðir (Mbl. 31.08.).

Aurskriða féll í Garðsdal við hitaveitumannvirki sem þar eru og stíflaði Garðsá, sem síðan braut sér leið fram yfir skriðuna og reif með sér hitaveituleiðsluna á um

300 m kafla. Áin lét sér það ekki nægja heldur tók einnig leiðsluna í sundur neðar í dalnum (Tím. 31.08.).

Skurðir voru grafnir upp í fjallshlíðinni. ...Að sögn manna sem gengu þarna uppi í fyrradag (29.08.) var jarðvegurinn eins og vatnsrúm að ganga á (Tím. 31.08.).

Á Ólafsvegi þurfti að rjúfa götuna til að hleypa vatnsflaumnum í gegn þar sem vatnið gróf undan henni. Þá fél helsingur aðalgötunnar niður á um 30 m kafla yst í bænum þar sem lækur hafði grafið undan henni og á tveimur stöðum hefur holræsakerfið gefið sig. Golfvöllurinn er mjög illa farinn eftir að aurskriða fél óþrjár brautir og fótboltavöllurinn er undir vatni. Út frá tjörninni í miðjum bænum var komin um 700-800 m löng tjörn. Þá er flugvöllurinn ónothæfur vegna aurbleytu (Tím. 31.08.).

Menn sem fóru í hlíðina, segja að það sé eins og svörðurinn fljóti á vatni. Það líkist því að ganga á blautum svampi. Hlíðin er öll á hreyfingu (DV 31.08.).

Þar sem gatið á göngunum á að vera hefur verið mikið um hrún. 50 tonna grafa, sem er 4 m á hæð, er nærrí á kafi. Það rétt sér í þakið á henni. Það er ógerningur vegna stöðugs hruns að fara til að athuga hversu mikið tjón hefur orðið þar (DV 31.08.).

Björn Jónasson jarðfr. Krafttaki: Það er gífurlegt magn af aur og drullu sem hefur komið hér niður úr fjalllinu á stæðið fyrir framan þann stað sem göngin eiga að fara inn í fjallið í Kúhagagili, ég reikna með að 20-30 þús. rúmmetrar hafi komið hérna niður í skriðunum. ...Við vorum búrir að sprengja rás sem á að liggja að gangnaopinu og höfðum skilið þar eftir stóra gröfu sem nú er svo gott sem á kafi í aur og drullu. Grafan, sem er af Liebherr-gerð, hvorki meira en minna né 52 tonn að þyngd og um 5 m há, var nánast á kafi í drullunni þar sem hún hafði verið skilin eftir áður en ósköpin dundu yfir (DV 03.05.).

Seinnipartinn í gær létti þokunni nokkuð sem fylgt hefur úrkumunni og þá notuðu menn tækifærið til að athuga hvernig umhorfs væri í Tindaöxlinni, en talið er að 11 skriður hafi komið úr fjalllinu um helgina og þar af 9 sem fóru niður fyrir ofan bæinn. Þá er búist við að allur eldisfiskur hjá Óslaxi sé dauður enda er allt þar fullt af leðju og drullu (Pvl. 31.08.).

Í fyrrakvöld (30.08.) gerði úrhellisrigningu sem stóð nær linnulaust fram á hádegi í gær, en þá stytti upp. Mikið flæddi inn í kjallara húsa af þessum sökum. Sem dæmi má taka að í gagnfræðaskólanum, þar sem fjöldi Ólafsfirðinga hefur átt samastað síðan á sunnudag, var um 50 cm vatnselgur í kjallaranum, sem safnast hafði fyrir um nöttina. Nokkrar smærri skriður féllu fyrir ofan Ólafsfjörð í fyrrinótt (30.08.), báðum megin við stóru skriðurnar tvær sem féllu á bæinn á sunnudag. Um hádegisbil í gær (31.08.) var hættuástandi því sem lýst var yfir á sunnudag aflétt í brekkubyggðinni, þar sem ekki voru taldar líkur á að fleiri skriður féllu, nema ef úrhelli gerði aftur (Tím. 01.09.).

Í gærkvöldi (31.08.) ringdi enn og er hlíðin fyrir ofan bæinn vatnsósa. ...þar sem gestum var sýnt myndband sem Hilmar Jóhannesson tók af bænum á sunnudag. Dregið hefur jafnt og þétt úr úrkoma, frá laugardegi til þriðjudags mældist um 300 mm úrkoma. Mest var hún á sunnudag 123 mm, 73,3 á mánuðag, 57,3 á þriðjudag og í gær mældist úrkoman 47,5 mm (Mbl. 01.09.).

...Þá var loks hætt að rigna í Ólafsfirði (01.09.) og orðið léttskýjað. Lækir eru óðum að minnka og hlíðin að þorna (Dagur 02.09.).

Farið var í vettvangskönnun (01.09.) upp á hlíðar fjallsins og m.a. á grundvelli hennar var hættuástandi formlega aflyst (Tím. 02.09.).

Vegagerðarmenn hófu í gær (01.09.) að ryðja Múlann og lagfæra veginn þar sem hann er verst farinn. Þá hafa starfsmenn Krafttaks einnig hafist handa við að hreinsa athafnasvæði fyrirtækisins (Mbl. 02.09.).

...Þá var Ólafsfjarðarmúli orðinn fær öllum stærri bílum í gær (02.09.). Í dag er búist við að hann verði fær öllum bílum nema flutningabílum, þar sem aðeins hefur verið ruddur mjór akvegur (Mbl. 03.09.).

...Eyfirðingarnir brutust í gegn um Múlann á laugardagsmorgun (03.09.) en urðu að fara heim um Lágheiði. Ólafsfjarðarmúlinn var lokaður í gær (04.09.), enda ringdi mjög mikið á laugardag (03.09.) (DV 05.09.).

Vegagerðarmenn hafa unnið óslitið að því að gera Múlann færnan og hefur bílum af og til verið hleypt yfir en grjót hrundi á veginn um helgina (03.-04.09.) (Mbl. 06.09.).

Starfsmenn viðlagatryggingar hafa nú metið hvert heildartjónið vegna skriðufallana var í Ólafsfirði: Samkvæmt fyrstu tölum nam bótaskyld tjón 20 millj., en sú tala mun væntanlega hækka og verða nær 30 millj., því enn eru að koma í ljós skemmdir sem ekki hafa verið metnar. Ekki eru með lóðir hjá bænum (opin svæði), golfvöllurinn og skeiðvöllurinn (Dagur 23.09.).

Heim.: Veðr. ág. DV 29.08. 30.08. 31.08. 01.09. 02.09. 03.09. 05.09. Dagur 30.08. 31.08. 01.09. 02.09. 03.09. 06.09. 13.09. 23.10. 31.08.89. 22.09.89. Mbl. 30.08. 31.08. 01.09. 02.09. 03.09. 06.09. 13.09. 23.10. Tím. 30.08. 31.08. 01.09. 02.09. 03.09. Þvl. 30.08. 31.08. 01.09. Björn Jóhann Björnsson 1988: Greinargerð um vettvangskönnun vegna skriðufalla á Ólafsfirði og hugsanlegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Stuðull, verk og jarðfræðipjónusta. Gögn H.G.P.

27. ág. DALSMYNNI

Skriða.

Sömu helgi og skriður féllu í Ólafsfirði lokaðist vegurinn um Dalsmynni af skriðuföllum. Hér var um að ræða skriðu sem hjóp úr gili austan við Litla-Gerði. Sennilega hlupu einnig einhverjar skriður í hliðardölum Eyjafjarðar (Skjóldalur, Finnastaðardalur).

Heim.: Gögn H.G.P.

27. ág. SIGLUFJÖRÐUR, FLJÓT.

Skriður.

Sömu helgi og skriðuföllin urðu í Ólafsfirði féllu einnig skriður í Fljótum (Gögn H.G.P.).

Þá félur aurskriða niður undir vatnsból Siglfirðinga og náði hún að menga vatnið af drullu (Mbl. 02.09.)

Heim.: Mbl. 02.09. Gögn H.G.P.

27. ág. STRANDIR.

Skriður

Skriður féllu einnig víða á Ströndum (Veðr. ág.).

Í fyrsta lagi er á um 20 km kafla frá Asmundarstöðum í Bjarnarfirði, í Kaldbaksvík. Þar urðu vegaskemmdir aðallega vegna úrrennslis, stíflun ræsa og skriðufalla vítt og breitt á þessu svæði. Í öðru lagi 10 km kafli úr botni Veiðileysufjarðar og yfir Djúpuvík, þar sem helstu vegaskemmdir voru vegna úrrennslis, auk þess sem þrjú ræsi eru ónýt og tvær til þrjár skriður féllu á veginn. Í þriðja lagi urðu vegaskemmdir á norðurbrún á Veiðileysuhálsi, þar sem vegurinn

fór í sundur á um 50 m kafla. Í fjórða lagi þá urðu skemmdir á veginum á um 7 km kafla úr Reykjafjarðarbotni, út undir Naustavík, sem er út með Reykjafirði. Þar voru það einkum skriður sem lokuðu ræsum og fóru auk þess yfir veginn (Tím. 02.09.).

Bjarnarfjarðará og Hallá flæddu hátt yfir bakka sína og aurskriður féllu víða. ...Við Kaldbak féllu skriður yfir veginn svo fjallshlíðin er slétt eins og þar hafi aldrei verið vegur (Mbl. 30.08.).

Að sögn Magnúsar Guðmundssonar vegaverkstjóra virtust aurkskriður koma undan hverjum einasta smálæk á vegarkaflanum úr Bjarnarfirði norður undir Kaldbakshorn. Vegurinn hafði sums staðar farið í sundur þar sem ræsi höfðu stíflst eða yfirfyllst. Þá höfðu grjótskriður víða lokað veginum og var t.d. stórrí skriðu rutt af veginum við Kaldbakshorn. Að sögn Magnúsar voru 16 skriður ruddar af fyrsta 15 til 20 km kaflanum í fyrradag. Þá höfðu margar skriður fallið á Strandaveg yfir Veiðileysuháls (Mbl. 31.08.).

Skriðuföll hafa orðið hvar sem vegurinn snýr að fjallshlíðinni. ...Þegar farið var úr Bjarnarfirði norður, voru þegar skriður úr Balafjöllum norðan Ásmundarness. Hélt þetta stöðugt áfram alla leið norður í Reykjarfjörð. Hefur verið áætlað að um 30 skriður hafi fallið niður undir og á veginn á þessari leið (Mbl. 06.09.).

Heim.: Mbl. 30.08. 31.08. 06.09. Tím 02.09. Veðr. ág.

3. sept. SEYÐISFJÖRÐUR (Strandatindur).

Norðaustanátt og rigning um norðan- og austanvert landið.

Aurskriða féll úr Strandatindi utan við Seyðisfjarðarkaupsstað um kl. 13.30 þ. 3. Fél skriðan á veginn um 4 km fyrir utan bæinn. Jarðvegur ofarlega í Strandatindi hafði runnið niður gil og yfir veginn hjá Borgartanga (Mbl. 06.09.).

Heim.: Mbl. 06.09.

24. sept. EYJAFJÖRÐUR (Garðsárdalur).

Skriða.

Votviðrasamt um haustið, slydda um nóttna áður.

Þ. 24. sept. fél skriða í framhluta Garðsárdals úr austurhlíð dalsins, nánar tiltekið úr fjalllinu milli Fossgils og Kolgrafagils. Gangamenn komu að skriðunni, en hún hafði fallið neðarlega úr fjallshlíðinni, u.p.b. 100 m ofan við dalbotninn. Breitt vatnsósa grasi gróið jarðvegsstykkji hafði rifnað, runnið niður og hrúgast upp á dalbotninum (Munnlegar upplýsingar frá Atla Guðlaugssyni, Þórustöðum, Eyjafjarðarsveit, - gögn H.G.P.).

Heim.: Gögn H.G.P.

1989

1. apr. MÝRDALUR (Reynisfjall).

Grjóthrun.

Mikil bergfylla hrundi úr Reynisfjalli, austan við Reynisdrangana, aðfaranótt 1. apríl. Skriðan var það mikil að hún lokar rennu sem var fær bátum á milli dranga og sjávarmáls, auk þess sem hún gerir gangfært fyrir fjallið sem ekki var áður. Þó

er talið óráðlegt að vera á ferli undir fjallinu á þessum slóðum, vegna hættu á frekara hruni. Skriðan féll allt frá brún fjallsins á þeim stað sem klettanef gekk í sjó fram, svokallaður Klakkur. Skriðan fór yfir Klakkinn þannig að hann er nær allur horfinn og framan við hann er nú gangfært frá Vík yfir í Reynishverfið, sem ekki var áður. Ofan á fjallinu hafa verið sprungur allt upp í meters víðar og hafa þær náð 15 til 20 m inn á fjallið. Menn eystra hafa fylgst með þessum sprungum og hreyfingum á þeim undanfarin ár, en ekki hefur mælst mikil hreyfing í þeim. Þarna hrynnur sjaldan úr fjallinu, en mikið í einu þegar það verður. Hrunið kom fram á jarðskjálftamælinum á Skammadalshóli, og skjálftinn var grunnur og ólíkur venjulegum landskjálftum (Mbl. 07.04.).

Í hamrabrúnum Reynisfjalls eru einnig miklar sprungur sem benda til þess að ásýnd fjallsins eigi eftir að breytast mikið jafnvel svo að unnt verði að gera veg framan við það (Mb. 24.08.83.).

Um 1 millj. rúmmetra sneið hrundi í sjó fram úr Reynisfjalli þ. 1. apr. sl. eða um 3 millj. tonna af grjóti. Skriðan fyllti sjávarvíkina Bolabás og kaffærði nær algerlega hraunhrygginn Klakk sem skagaði í sjó fram og var gamalt landamerki milli Víkur og Reynishverfis. ...Lítill hætta virðist vera á meira hruni í bráð en smákornótt hrún var af og til úr bergeninu (þegar blaðamenn voru á ferð). ...Séð frá skriðunni virðist sem hrunið hafi náð inn fyrir sprungurnar, því svo er að sjá sem rist hafi verið framan af fjallinu í einu vettangi með hnif. ...Nýja skriðan er nær 500 m breið og nær 200-300 m frá bjarginu. Fyrir um það bil 10 árum hrundi allmikið úr bergeninu nokkuð vestar, en hrunið nú er margfalt stærra (Mbl. 13.04.).

Hrunið varð um kl. 3.30 um nóttina 1. apr. (Mbl. 25.10.90).

Heim.: Mbl. 07.04. 13.04. 25.10.90. 24.08.83.

ATH: Grjóthrun þetta er af þeiri stærðargráðu að etv. er rétt að flokka það sem berghlaup.

4. júní. SÚGANDAFJÖRÐUR (Spillir).

Grjóthrun.

Miklar leysingar.

Ökumaður jeppabifreiðar og fjögur börn voru hætt komin á sunnudag (þ. 4.) er bifreiðin varð fyrir grjót- og íshruni úr fjallinu Spilli við Súgandafjörð. ...Í Lönguvík skullu á bílnum grjót og ísklumpar úr fjallinu. ...Við hrunið brotnaði framrúða jeppans og fór yfir drenginn með þeim afleiðingum að hann skarst á höndum. ...Ísklumparnir sem lento á jeppanum voru mjög stórir eða 20-30 kg að þyngd hver. ...Þetta er mesta óhapp, sem hent hefur fólk á þessum stað, en á undanförnum árum hafa nokkrar bifreiðir orðið fyrir smágrjóti úr fjallinu. Miklar leysingar hafa verið þarna að undanförnu og eru þær ástæðan fyrir hruninu úr fjallinu (Mbl. 07.06.).

Heim.: Mbl. 07.06. Veðr. júní.

15. og 17. júní. EYJAFÖRÐUR (Stekkjarflatir í mynni Sölvadals).

Skriður.

Miklir hitar og mikil leysing í fjöllum.

Tvær aurskriður félru við vorleysingu rétt innan við Stekkjarflatir austanvert í mynni Sölvadal. Upptök beggja voru hátt í fjallinu og runnu báðar í Núpá. Minni skriðan féll þ. 15. og sú stærri þ. 17. Sjónarvottar voru að báðum skriðuföllunum.

Efni úr skriðunum barst í Núpá og niður á Núpáreyrar, stíflaði þar farveg og varð til þess að farvegsbreytingar urðu þar seinna.

Um þetta leyti féll skriða niður farveg við Hleiðargarð í Eyjafjarðardal. Smáskriður fóllu einnig í Djúpadal og Sölvadal (Gögn H.G.P.).

Heim.: Gögn H.G.P.

11.-12. ág. SEYÐISFJÖRÐUR (Strandatindur).

Skriður.

P. 11. var austan strekkingur og dýpkandi lægð suðaustur af landinu á leið norður, mikið vatnsveður var austanlands.

Ljóst er að milljónatjón hefur orðið á Seyðisfirði er þrettán aurskriður, þar af þjár eða fjórar mjög þykkar og efnismiklar, fóllu úr fjallinu Strandatindi á ysta hluta bæjarins aðfaranótt laugardags. Skriðurnar fóllu frá Búðará og út með Strandatindi. Engin slys urðu á mönnum, en um tuttugu fjölskyldum var skipað að yfirgefa heimili sín um nóttna, auk þess sem ein verbúð var rýmd. ...P. 12. voru lækir og ár enn miklir og kolmórauðir og Seyðisfjörðurinn var einnig gruggugur eins og séð varð. Enn rann vatnselgur úr ám og lækjum, sem höfðu stíflast og flætt yfir bakka sína. Vegurinn út með firðinum var tepptur af skriðum og í sundur vegna vatnsflaums á nokkrum stöðum. Aðkoman að þeim hluta bæjarins, þar sem skriðurnar fóllu, var ljót. Aur og grjót lá sums staðar í þykkum lögum á götunum og hafði flætt inn í garða og upp að húsum. Víða hafði vatn flætt inn í kjallara. Vatn stóð í lægðum um allan bæ. ...Um tuttugu íbúðarhús, áfengisverslunin, bæjarskrifstofurnar og mörg helstu atvinnufyrirtæki bæjarins eru á svæðinu. Fiskvinnslan Norðursíld hefur sennilega orðið einna verst úti af fyrirtækjunum. Þar kom skriða á geymsluhús úr timbri og eyðilagði á því ytri endann. ...Skriða fóll einnig á Síldarverksmiðjur ríkisins. Hús voru talin að mestu ósködduð, en skriðan rann upp að hráefnistönkum fyrirtækisins. Ein stærsta skriðan fóll niður með bæjarskrifstofunum, hreyf með sér fólksbíl nokkra metra og skildi hann eftir á húströppum. Skriðan skildi annan bíl eftir grafinn í aur upp að gluggum. ...Pað var um kl. 22 á föstudagskvöldið (þ. 11.), sem ástæða þótti til að fara að gera varúðarráðstafanir í bænum vegna úrhellisrigningar og mikilla vatnavaxta. Löggregluvarðstjóri og bæjarverkstjóri fóru á löggreglubíl út með ströndinni sunnan megin við fjörðinn, þar sem allar skriðurnar fóllu, að kanna vöxt í ám og lækjum. Meðan á eftirlitsferð þeirra stóð fóllu tvær skriður á veginn, sitt hvoru megin við þá og þeir lokaðust inni. Um kl. 23.40 var hafist handa við að rýma hættusvæðið (Mbl. 13.08.).

Flest bendir til að tjón vegna aurskriðanna sem fóllu á Seyðisfirði aðfaranótt laugardagsins sé minna en talið var í fyrstu (Tím. 15.08.).

Heim.: Mbl. 12.08. 13.08. 15.08. Tím. 15.08. DV 14.08. Veðr. ág.

14.-15. ág. ÓLAFSFJARDARMÚLI.

Skriður, grjóthrun.

Mikið vatnsveður.

Í Ólafsfjarðarmúla var eitthvað um að grjót og möl rynnu á veginn (þ. 14.), eins og oft vill verða í rigningu, en engar aurskriður runnu (Dagur 15.08.).

Ólafsfjarðarmúla var lokað í gær (þ. 15.) vegna mikils grjóthruns (Mbl. 16.08.).

Veginum var lokað kl. 22 (þ. 15.), en skömmu áður höfðu nokkrir fólksbílar farið fyrir Múlann. Einn grjóthnullungurinn lenti á bíl, og skemmdi hann töluvert.

...Sjónarvottar segja að fjallshlíðin hafi bókstaflega verið öll á hreyfingu, enda vatnsveður alveg með ólíkindum. Mannhæðar há björg flugu fram af veginum á milli bílanna. ...Að sögn Valdimars Steingrímssonar, vegaeftirlitsmanns, var Múlinn opnaður fyrir umferð í gärmorgn (þ. 16.). Hann sagði að gríðarlegt magn af mulningi og stórum björgum hefði verið á veginum og það stærsta hafi verið á að giska 4-5 tonn. "Þetta var í Ytra-Drangsgili og var á stærð við bíl." (Dagur 17.08.).

Talsvert var af stórgrýti á veginum á vissu svæði og aurskriður höfðu víða fallið, aðallega í Vogagjá, þar sem skemmdir urðu talsverðar (DV 16.08.).

Heim.: Dagur 15.08. 17.08. Mbl. 16.08. DV 16.08.

7. okt. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Purrt veður.

Stúlka slasaðist þegar grjótskriða féll á bifreið á Óshíðarvegi um kl. 02 þ. 7. Slysíð átti sér stað við svonefnnda Svuntu og hafði bifreiðin stöðvað vegna þess að tveir stórir steinar lágu á veginum. Í þeim svifum hrundi meira grjót niður og bílstjórinn reyndi að bakka undan því. Steinn eða steinar fóllu á bílinn með þeim afleiðingum að afturhlutinn lagðist saman og báðir afturhjólbarðar sprungu. Bílstjóranum tókst að koma bílum inn í vegskála, á meðan grjóthruninu stóð.

Heim.: Mbl. 08.10. DV 09.10. Tím. 10.10. Bæjarins besta 11.10. Veðr. okt.

22. okt. GILSFJÖRÐUR.

Skriða.

Hvöss norðaustanátt á Vestfjörðum, talsverð úrkoma.

Um miðjan dag þ. 22. fóll 50 m breið og 1.5 m djúp aurskriða á veginn um Gilsfjörð. Vegurinn lokaðist en var opnaður fljótlega.

Heim.: Ríkisútvæpið 22.10., fréttir kl 19.

1990

8. jan. ALMANNASKARÐ, HVALSNESSKRIÐUR, ÞVOTTÁRSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Mikil lægð að ganga yfir, ofsaveður á Suðurlandi, rigning eða slydda um allt land.

Grjóthrun úr skriðum í Almannaskarði, Hvalsnesskriðum og Þvottárskriðum.

Heim.: Ríkisútvæpið 08.01., fréttir kl. 24.

9. jan. ÓLAFSFJARDARMÚLI.

Grjóthrun.

Ekki var talið ráðlegt að leggja í Ólafsfjarðarmúlann því þar var mikið grjóthrun og vegurinn mjög háll.

Heim.: Dagur 10.01.

30. jan. KAMBANESSKRIÐUR, VATTARNESKRIÐUR.

Grjóthrun.

Hláka eftir mikla snjókomu.

Grjóthrun í Kambanes- og Vattarnesskriðum. Vegurinn lokaður.

Heim.: Ríkisútvarpið 30.01., fréttir kl. 12.

19. mars. SVEIFLUHÁLS.

Grjóthrun, skriður vegna jarðskjálfta.

Skjálftahrina í Sveifluhálsi. Stærsti skjálftinn 4.7 á Richter kl 10.46.

Skriður og grjóthrun varð í hlíðum Sveifluháls.

Heim.: Mbl. 20.03.

20. apr. AKUREYRI (Aðalstræti), SVALBARÐSSTRÖND.

Skriða.

Mikil leysing, flóð, ófrosinn jarðvegur, miklir snjóar.

Skriða féll úr brekkunni á Akureyri og eyðilagði húsið Aðalstræti 18.

Vorið 1990 voru nokkuð sérstakar aðstæður við vorleysingu á Eyjafjarðarsvæðinu. Jörð hafði víðast hvar verið ófrosin þegar vetrarsnjóar lögðust yfir. Snjóalög um veturinn voru auk þess óvenju mikil. Þetta leiddi til að leysingarvatn átti greiðan aðgang niður í jarðveginn, sem víða varð mjög vatnsmettaður. Kuldakast seinni hluta maí hægði á leysingu og varð til þess að jarðvegur náði að skila úr sér miklu vatnsmagi, þannig að skriðuföll urðu minni en við hefði mátt búast.

Umhverfis Akureyri var leysing fyrr á ferðinni. Seinni hluta apríl og fyrri hluta maí félleu á Akureyri, norðan við bæinn og á Svalbarðsströnd nokkrar litlar skriður úr bröttum bökkum og brekkum neðan við u.p.b. 50 m hæðarlínu. T.d. féll skriða við Sveinbjarnargerði á Svalbarðströnd þ. 10. maí.

Skriðan sem hljóp á Aðalstræti 18 átti upptök sín við brún í neðri hluta brekkunnar. Brúnin stóð að mestu upp úr snjó og var frosin. Brekkan ofan við var ófrosin og leysingarvatn átti því greiðan aðgang um jarðveginn að frosinni brúninni. Þar hefur safnast fyrir vatn undir þrýstingi, sem að lokum braust fram með skriðunni (H.G.P. Greinargerð um skriðuhættu við Aðalstræti. Dagur 03.11.).

Heim. Mbl. 21.04. 31.10. DV 21.04. 23.10. Tím. 21.04. Dagur 24.04. 28.04. 19.10. 01.11. 03.11. Gögner H.G.P. Veðr. apr.

1. maí. AKUREYRI (Spítalavegur).

Skriða.

Hitar, mikil leysing, flóð.

Skriða féll úr bröttum kanti við Spítalaveg og varð að loka honum um tíma.

Heim. Mbl. 03.05.

1. maí. BARÐASTRANDARSÝSLA (Reykhólasveit).

Skriður.

Leysing, snjóflóð eyðilagði summarbústað.

...Svo féll aurskriða á milli bæjanna Grundar og Hellustaða í Reykhólasveit og fyllti sú skriða skurði og skemmdi tún. Einnig féll 60-70 m breið skriða utan við Kleifarstaði í Gufudalssveit og er hún um 1.5 m á dýpt þar sem hún fór yfir veginn.

Heim.: Mbl. 04.05.

10. maí. BÍLDUDALUR.

Skriða.

Leysing, rigning ?

Aurskriða féll úr Búðargili á Bíldudal snemma morguns þ. 10. Snjódyngja féll ofan úr Búðargili og stíflaði hún framrásina, þannig að örhláup myndaðist. Klofnaði það á spennuvirki og féll beggja vegna hryggjarins sem er ofan þorpsins. Við það brotnaði staurastæða. Skriðan leitaði niður í ræsi skammt ofan við skólann, en það annaði engan veginn að taka við svo miklu magni. Aurinn fór yfir eina lóð og bundið slitlag á aðalgötu bæjarins fór í sundur (Mbl. 11.05.).

Heim.: Mbl. 11.05. DV 10.05. Tím. 11.05.

ATH: Krapahlaup ?

11. maí. EYJAFJÖRÐUR (Eyvindarstaðir í Sölvadal).

Skriða.

Mikil leysing.

Skriða féll úr lágum hjalla skammt norðan við Eyvindarstaði í Sölvadal um kl. 18 þ. 11. Skriðan sem var þunn, fór yfir veg og langt niður á tún.

Heim.: Gögn H.G.P.

20. maí. SKRIÐUHVERFI (Garðsnúpur).

Skriða.

Hitar og leysing.

Þ. 20. maí féll lítil aurskriða úr vesturhlíðum Garðsnúups, rétt norðan við bæinn Húsabakka. Leysingarvatn hafði safnast saman ofan við skafl í lítilli hvilft. Kjarrivaxinn jarðvegur varð vatnsósa og hjóp niður hlíðina og út á veg (gögn H.G.P.).

Heim.: Gögn H.G.P.

22.-24. júní. ÓLAFSFJARDARMÚLI.

Grjóthrun.

Rigning.

Um morguninn þ. 22. hrundu steinar úr Múlanum. Tveir þeirra yfir 100 kg. lenti á þýskum húsbíl sem stóð á útsýnisplaninu. Annar fór í gegnum vinstra horn framrúðu bifreiðarinnar, inn í gegnum bílinn og braut sér leið út um gler á hurðinni hægra megin. Hinn steininn lenti aftan á bílnum, en varadekk hindraði

að hann færi inn. Húsbíllinn er töluvert skemmdur. Allir í bílum sluppu ómeiddir (Mbl. 23.06.).

Mikið grjóthrun var í Ólafsfjarðarmúla um helgina (þ. 23. og 24.) og seinnipart á sunnudag (24.) var hann nær lokaður meðan vinnuvélar hreinsuðu grjótið burtu af veginum (Dagur 26.06.)

Heim.: Mbl. 23.06. 26.06. Dagur 23.06. 26.06. DV 23.06.

18. júlí. KAMBAНЕSSKRIÐUR.

Skriður.

Mikil rigning.

Vegurinn um Kambanesskriður lokaðist þ. 18. vegna skriðufalla.

Heim.: Gögn H.G.P.

8. eða 9. sept. GILSFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Grjót hrundi rétt fyrir framan bíl í vestanverðum Gilsfirði. Bíllinn keyrði beint á steininn og fór útaf. Þá kom símastaur rúllandi ofan úr hlíðinni og skall niður rétt við bíllinn. Fókið í bílum slapp með skrekkin.

Heim.: Mbl. 11.09.

27. sept. GILSFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Grjótskriða féll úr Ólafsdalshyrnuhorninu í Gilsfirði um nóttina þ. 27. og teppti umferð um veginn. Tveir stórir steinar, eða björg, fóllu úr fjallinu og lokaðu veginum (Mbl. 28.09.).

Heim.: Mbl. 28.09. 01.02.91. Veðr. sept.

12. okt. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR.

Grjóthrun.

Vatnsveður og illveður á Austfjörðum.

Talsvert grjóthrun í skriðum í Fáskrúðsfirði.

Heim.: Ríkisútvarpið 12.10., fréttir kl 19.

13. nóv. ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Grjóthrun.

...nokkurt grjót féll á veginn í fyrrinótt.

Heim.: Dagur 14.11.

30. nóv. BÚLANDSHÖFÐI.

Grjóthrun.

Lögreglan á Ólafsvík varar vegfarendur við miklu grjóthruni úr Búlandshöfða.
Mikill vatnselgur á veginum milli Búlandshöfða og Grundarfjarðar.

Heim.: Ríkisútvárið 30.11., fréttir kl. 24.

13. des. ÓLAFSFJARÐARMÚLI.

Grjóthrun.

Grjóthrun var mikið í Ólafsfjarðarmúla í fyrrinótt og var vegurinn lokaður allri
umferð er birti af degi í gær.

Heim.: Dagur 14.12.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Akureyri	1972 19. des.
Akureyri	1974 26. feb.
Akureyri	1982 jan.-okt.
Akureyri	1990 20. ap.
Akureyri	1990 1. maí
Almannaskarð	1990 8. jan.
Almenningar	1976 nóv.
Almenningar	1977 24.-25. maí
Almenningar	1981 ap.
Almenningar	1981 27. sept.
Almenningar	1983 13.-18. feb.
Almenningar	1983 feb.-júní
Austfirðir	1980 26.-27. ág.
Austfirðir	1971 31. okt.
Barðaströnd	1975 14. sept.
Barðaströnd	1987 3. okt.
Bárðardalur	1973 5.-6. ág.
Berufjörður	1977 2.-3. júlí
Bíldudalur	1971 30.-31. des.
Bíldudalur	1976 19. nóv.
Bíldudalur	1985 22. okt.
Bíldudalur	1990 10. maí
Brattabrekka	1974 12. júní
Búlandshöfði	1971 8. feb.
Búlandshöfði	1972 28.-29. jan.
Búlandshöfði	1975 3. nóv.
Búlandshöfði	1977 5. des.
Búlandshöfði	1983 22.-23. jan.
Búlandshöfði	1990 30. nóv.
Búrfell	1987 25. maí
Dalsmynni	1988 28. ág.
Djúpidalur	1983 23. maí
Djúpidalur	1989 15.-17. júní
Dynjandisvogur	1972 24. maí
Dyrhólaey	1983 3. júlí
Dýrafjörður	1971 30.-31. des.
Eskifjörður	1972 27.-28. okt.
Eskifjörður	1981 25. sept.
Eskifjörður	1988 8. ág.
Eyjafjarðardalur	1972 19. des.
Eyjafjarðardalur	1989 15.-17. júní
A-Eyjafjöll	1974 23. okt.
V-Eyjafjöll	1984 5. feb.
V-Eyjafjöll	1986 18. feb.
V-Eyjafjöll	1986 10. mars
V-Eyjafjöll	1987 25. maí
Eyjafjörður	1979 4. júní

Fagraskógarfjall	1974 12. júní
Fáskrúðsfjörður	1990 12. okt.
Fljót	1988 28. ág.
Fljótsdalur	1979 27.-28. okt.
Fnjóskadalur	1972 ? júní
Fossárdalur	1980 14.-15. maí
Fróðármúli/Snaefn.	1987 3. okt.
Fölnesskriður	1974 25. ág.
Garðsárdalur	1988 24. sept.
Gerpir	1976 ? ág.
Gilsfjörður	1983 1. mars
Gilsfjörður	1988 ?. maí
Gilsfjörður	1989 22. okt.
Gilsfjörður	1990 8. sept.
Gilsfjörður	1990 27. sept.
Grindavík	1973 15.-16. sept.
Grundarfjörður	1982 17. feb.
Gvendarnesskriður	1980 mars
Gönguskörð	1982 9. ág.
Hafnarfjall	1987 4. ap.
Hafrafell	1987 25. maí
Herðubreið	1984 9. ág.
Hítardalur	1974 12. júní
Hjaltadalur	1974 23. júní
Hólmatindur	1974 25. ág.
Hrafnagilshreppur	1978 6. ap.
Hrafnkelsdalur	1986 10. des.
Hvalfjörður	1971 8. feb.
Hvalfjörður	1971 25. nóv.
Hvalfjörður	1972 28.-28. jan.
Hvalfjörður	1972 22.-23. feb.
Hvalfjörður	1974 26. feb.
Hvalfjörður	1975 3. nóv.
Hvalfjörður	1976 20. feb.
Hvalfjörður	1982 4. feb.
Hvalfjörður	1982 17. feb.
Hvalfjörður	1984 9.-10. ág.
Hvalsnesskriður	1972 27.-28. okt.
Hvalsnesskriður	1977 2.-3. júlí.
Hvalsnesskriður	1982 1. des.
Hvalsnesskriður	1983 1. mars
Hvalsnesskriður	1990 8. jan.
Hveragerði	1974 23. okt.
Hörgárdalur	1985 25. okt.
Ísafjörður	1972 28.-29. jan.
Ísafjörður	1976 4. ág.
Ísafjörður	1977 27.-28. ág.
Ísafjörður	1983 29. júní
Ísafjörður	1987 21. maí
Kambanesskriður	1971 8. feb.
Kambanesskriður	1974 25. ág.

Kambanesskriður	1974 13. sept.
Kambanesskriður	1977 3. jan.
Kambanesskriður	1977 2.-3. júlí
Kambanesskriður	1980 24.-25. feb.
Kambanesskriður	1982 1. des.
Kambanesskriður	1983 1. mars
Kambanesskriður	1990 30. jan.
Kambanesskriður	1990 18. júlí
Kambaskriður	1972 27.-28. okt.
Kambaskriður	1988 24. mars
Kjós	1972 22.-23. feb.
Kjós	1974 23. okt.
Kjós	1982 4. nóv.
Klettháls	1976 27. ág.
Kolbeinsstaðafjall	1974 12. júní
Kolgrafarfjörður	1976 27. ág.
Krísvík	1973 15.-16. sept.
Kvíárjökull	1975 7.-8. nóv.
Langidalur	1985 25. okt.
Laxárdalur	1985 25. okt.
Lágheiði	1985 25. okt.
Lundarreykjadalur	1981 26. jan.
Mánárskriður	1982 18. ág.
Mánárskriður	1985 23. ap.
Mánárskriður	1985 25. okt.
Mánárskriður	1986 22. maí
Mánárskriður	1988 26. júlí
Miklaholtshreppur	1977 17. maí
Mjóifjörður	1974 25. ág.
Mosfellssveit	1983 9. ág.
Mýrdalur	1974 23. okt.
Neskaupsstaður	1980 31. okt.
Njarðvíkurkriður	1976 20. feb.
Njarðvíkurkriður	1977 2.-3. júlí
Norðurárdalur/Borg.	1974 12. júní
Norðurárdalur/Borg.	1974 23. okt.
Norðurárdalur/Borg.	1979 ? júlí
Norðurárdalur/Skaga	1985 25. okt.
Norðurárdalur/Skagf.	1985 23. ap.
Ólafsfjarðarmúli	1975 22. júlí
Ólafsfjarðarmúli	1977 23. maí
Ólafsfjarðarmúli	1982 4. feb.
Ólafsfjarðarmúli	1983 22.-23. júní
Ólafsfjarðarmúli	1986 22. maí
Ólafsfjarðarmúli	1987 24.-25. jan.
Ólafsfjarðarmúli	1987 10. sept.
Ólafsfjarðarmúli	1988 26. júlí
Ólafsfjarðarmúli	1988 27. ág.-4. sept.
Ólafsfjarðarmúli	1989 14.-15. ág.
Ólafsfjarðarmúli	1990 9. jan.
Ólafsfjarðarmúli	1990 22.-24. júní

Ólafsfjarðarmúli	1990 13. nóv.
Ólafsfjarðarmúli	1990 13. des.
Ólafsfjörður	1988 27.-28. ág.
Ólafsvíkurenni	1971 8. feb.
Ólafsvíkurenni	1972 28.-29. jan.
Ólafsvíkurenni	1974 ? mars
Ólafsvíkurenni	1975 3. mars
Ólafsvíkurenni	1975 2. ág.
Ólafsvíkurenni	1976 27. ág.
Ólafsvíkurenni	1977 7. mars
Ólafsvíkurenni	1977 17. maí
Ólafsvíkurenni	1977 5. des.
Ólafsvíkurenni	1980 9. des.
Ólafsvíkurenni	1981 16. okt.
Ólafsvíkurenni	1982 17. feb.
Ólafsvíkurenni	1982 4. feb.
Ólafsvíkurenni	1982 21. maí
Ólafsvíkurenni	1983 22. jan.
Ólafsvíkurenni	1983 1. mars
Óshlíð	1972 28.-29. jan.
Óshlíð	1972 29. okt.
Óshlíð	1976 4. ág.
Óshlíð	1976 19. nóv.
Óshlíð	1977 27.-28. ág.
Óshlíð	1981 26. maí
Óshlíð	1982 2. júlí
Óshlíð	1983 4. júlí
Óshlíð	1984 ? maí
Óshlíð	1984 19. júní
Óshlíð	1984 23. sept.
Óshlíð	1985 19. ág.
Óshlíð	1987 6. des.
Óshlíð	1988 22. maí
Óshlíð	1989 7. okt.
Patreksfjörður	1975 14. sept.
Patreksfjörður	1975 13. des.
Patreksfjörður	1976 19. nóv.
Patreksfjörður	1977 27.-28. ág.
Patreksfjörður	1984 ? ág.
Reyðarfjörður	1979 20.-24. okt.
Reykhólasveit	1990 1. maí
Reykjanes	1977 16. maí
Reykjaströnd	1977 23. maí
Reykjaströnd	1985 23. ap.
Reynisfjall	1989 1. ap.
Selsundsfjall	1987 25. maí
Seyðisfjörður	1974 25. ág.
Seyðisfjörður	1981 25. sept.
Seyðisfjörður	1985 4. okt.
Seyðisfjörður	1988 25. júní
Seyðisfjörður	1988 3. sept.

Seyðisfjörður	1989 11.-12. ág.
Siglufjörður	1973 7. okt.
Siglufjörður	1982 16.-18. ág.
Siglufjörður	1985 25. okt.
Siglufjörður	1986 19. maí
Siglufjörður	1988 28. ág.
Skaftafell	1975 7.-8. nóv.
Skógarströnd	1983 1. mars
Skriðuhverfi/S-Þing.	1990 20. maí
Snæfellsnes	1971 30.-31. des
Staðarskriður	1977 2.-3. júlí
Staðarskriður	1981 22.-29. maí
Strandir	1981 12. maí
Strandir	1988 26. júlí
Strandir	1988 28. ág.
Suðurfirðir/Vestf.	1987 3. okt.
Súgandafjörður	1981 26. des.
Súgandafjörður	1989 4. júní
Súðavíkurhlíð	1979 2. júní
Svalbarðssströnd	1972 19. des.
Svalbarðssströnd	1990 10. maí
Svarfaðardalur	1985 25. okt.
Svartárdalur	1985 25. okt.
Sveifluháls	1990 19. mars
Svínafell	1975 7.-8. nóv.
Sölvadalur	1989 15.-17. júní
Sölvadalur	1990 11. maí
Tálknafjörður	1976 19. nóv.
Trostansfjörður	1977 27.-28. ág.
Vatnafjöll	1987 25. maí
Vatnsdalur	1975 26. des.
Vatnsdalur	1982 9. ág.
Vatnsdalur	1985 25. okt.
Vatnsskarð	1987 ? maí
Vattarnesskriður	1974 25. ág.
Vattarnesskriður	1977 3. jan.
Vattarnesskriður	1977 2.-3. júlí
Vattarnesskriður	1980 24.-25. feb.
Vattarnesskriður	1981 22.-29. maí
Vattarnesskriður	1982 1. des.
Vattarnesskriður	1983 1. mars
Vattarnesskriður	1990 30. jan.
Vestmannaeyjar	1977 19. des.
Vestmannaeyjar	1980 24. maí
Vestmannaeyjar	1987 25. maí
Vestmannaeyjar	1988 2. júní
Vesturhóp	1985 25. okt.
Þvottárskriður	1983 1. mars
Þvottárskriður	1990 8. jan.
Önundarfjörður	1976 19. nóv.